

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 17. janúar 2024

Mál nr. E-8231/2020:

YABIMO ehf.

(Gísli Guðni Hall lögmaður)

gegn

Gylfaflöt-2 ehf.

(Reimar Snæfells Pétursson lögmaður)

og

GF-4 ehf.

(Heiðar Ásberg Atlason lögmaður)

Dómur

I

Mál þetta, sem var höfðað með birtingu stefnu 11. desember 2020, var dómtekið 28. nóvember 2023. Stefnandi, YABIMO ehf., Hlíðasmára 4, Kópavogi, höfðar mál þetta á hendur stefndu, Gylfaflöt 2 ehf., Tunguhálsi 10, Reykjavík, og GF-4 ehf., Aflakór 9, Kópavogi. Stefnandi höfðar málið til hagsbóta þrotabúi Eignarhaldsfélagsins VRG ehf., Tunguhálsi 10, Reykjavík, aðallega til greiðslu skuldar en til vara riftunar og endurgreiðslu.

Stefnandi gerir svohljóðandi dómkröfur:

Aðalkrafa um greiðslu skuldar: Stefnandi krefst þess aðallega að stefndu verði dæmdir óskipt (in solidum) til að greiða þrotabúi Eignarhaldsfélagsins VRG ehf. 557.770 evrur (EUR) ásamt 9,5% dráttarvöxtum af EUR 1.203 frá 14.10.2018, af EUR 635 frá 29.10.2018, af EUR 38.966 frá 09.04.2019, af EUR 213.770 frá 20.06.2019, af EUR 139.162 frá 16.07.2019, af EUR 6.054 frá 01.02.2019, af EUR 16.805 frá 05.02.2019, af EUR 21.656 frá 18.02.2019, af EUR 60.087 frá 26.02.2019, af EUR 10.482 frá 08.03.2019, af EUR 1.817 frá 19.04.2019, af EUR 28.945 frá 19.04.2019, af EUR 11.492 frá 13.05.2019, af EUR 1.393 frá 23.05.2019, af EUR 1.270 frá 23.05.2019, af EUR 3.323 frá 24.05.2019, af EUR 259 frá 24.05.2019 og af EUR 444 frá 24.05.2019, í hverju tilviki til 1. janúar 2020, en með 11,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess **til vara** að stefndu verði dæmdir til að greiða sama þrotabúi sömu fjárhæð og dráttarvexti og greinir í aðalkröfu hlutfallslega þannig að Gylfaflöt 2 ehf. greiði 55% hluta en GF-4 ehf. 45% hluta.

Þá er þess einnig krafist **til vara**, verði ekki fallist á ofangreinda dráttarvaxtakröfu sem byggð er á pólskum lögum, að stefndu verði dæmdir til að greiða dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af sömu fjárhæðum

og á sömu greiðsludögum og að framan greinir.

Varakrafa um riftun ráðstafana og endurgreiðslu fjárhæða: Stefnandi krefst þess til vara að rift verði ráðstöfunum þrotabús Eignarhaldsfélagsins VRG ehf., sem fólust í afhendingu án endurgjalds á efni og vertakaþjónustu, sem hið gjaldþrota félag hafði keypt af stefnanda og systurfélagi hans, Yabimo Services Sp. Z o.o. Sp. K, Póllandi, samkvæmt eftirtöldum reikningum, til stefndu vegna byggingar þeirra á stálgrindarhúsi á lóð þeirra að Gylfaflöt 2–4 í Reykjavík:

Reikningar gefnir út af Yabimo ehf.:

| númer | útg.d. | gjaldldagi | fjárhæð í EUR | innborganir | Eftirst. (EUR) |
|-------|------------|-----------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| 285 | 30.09.2018 | 14.10.2018 | 1.203,18 | | 1.203,18 |
| 287 | 15.10.2018 | 29.10.2018 | 129.262,91 | 128.627,09 | 635,82 |
| 350 | 22.03.2019 | 09.04.2019 | 90.169,32 | 51.203,18 | 38.966,14 |
| 373 | 06.06.2019 | 20.06.2019 | 213.770,41 | | 213.770,41 |
| 76 | 02.07.2019 | 16.07.2019 | 139.162,11 | | 139.162,11 |
| | | | ----- | | |
| | | Samtals: | 573.567,93 | 179.830,27 | 393.737,66 |

Reikningar gefnir út af Yabimo Services Sp. Z o.o. Sp. K:

| númer | útg.d. | gjaldldagi | fjárhæð í EUR | Est. (EUR) |
|-------------------|------------|-----------------|---------------|-------------------|
| YS/2019/05/10/IB | 10.05.2019 | 24.05.2019 | 444,64 | 444,64 |
| YS/2019/05/11/IB | 10.05.2019 | 24.05.2019 | 259,70 | 259,70 |
| YS/2019/05/14/IB | 10.05.2019 | 24.05.2019 | 3.323,05 | 3.323,05 |
| YS/2019/05/6/IB | 09.05.2019 | 23.05.2019 | 1.270,53 | 1.270,53 |
| YS/2019/05/8/IB | 09.05.2019 | 23.05.2019 | 1.393,63 | 1.393,63 |
| YS/2019/04/14/IB | 29.04.2019 | 13.05.2019 | 11.492,30 | 11.492,30 |
| YS/2019/04/3/IB | 05.04.2019 | 19.04.2019 | 28.945,86 | 28.945,86 |
| YS/2019/04/4/IB | 05.04.2019 | 19.04.2019 | 1.817,29 | 1.817,29 |
| YS/2019/02/3/IB | 22.02.2019 | 08.03.2019 | 10.482,25 | 10.482,25 |
| YS/2019/02/2/IB | 12.02.2019 | 26.02.2019 | 60.087,43 | 60.087,43 |
| YS/2019/02/1/IB | 04.02.2019 | 18.02.2019 | 21.656,82 | 21.656,82 |
| YS/2019/01/5/IB | 22.01.2019 | 05.02.2019 | 16.805,90 | 16.805,90 |
| YS/2019/01/3/IB 1 | 8.01.2019 | 01.02.2019 | 23.870,10 | <u>6.054,55</u> |
| | | Samtals: | | 164.033,95 |

Jafnframt er þess krafist að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða þrotabúinu sömu fjárhæðir og með sömu dráttarvöxtum og greinir í aðalkröfu um greiðslu skuldar.

Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Markarinnar lögmannsstofu hf.

Stefndi, Gylfaflöt 2 ehf., krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk greiðslu málskostnaðar.

Stefndi, GF-4 ehf., krefst aðallega, sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi greiðslu málskostnaðar.

Við aðalmeðferð málsins var bókað í þingbók af hálfu stefnanda að ef fallist yrði á að leggja til grundvallar útreikning matsmanna á stáli í byggingarnar fælist einnig í aðalkröfu stefnanda krafa um lægri fjárhæð að teknu tilliti til þessa og yrði höfuðstóll kröfunnar að þessu athuguðu þá 456.527,00 evrur og með vöxtum eins og krafist er.

Stefndu mótmæltu breyttri kröfugerð stefnanda sem of seint fram kominni. Auk þess væri hún að mati stefndu vanreifuð, m.t.t. þess hvaða stálverð væri lagt til grundvallar í henni. Hún gæti því ekki komist að í málinu.

II

1.

Kjarni máls þessa lýtur að því hvort stefndu beri að greiða stefnanda reikninga vegna byggingar tveggja stálgrindarhúsa að Gylfaflöt 2 og 4 í Reykjavík.

Hinn 16. apríl 2018 gerði Eignarhaldsfélagið VRG ehf. (hér eftir einnig vísað til sem VRG) tvo samninga. Annars vegar við Yabimo Services Sp. Z o.o. Sp. K, sem er pólskt einkahlutafélag (hér eftir ýmist kallað Yabimo Services eða pólska félagið), um kaup á efni í stálgrindarhús sem félagið hugðist reisa á lóð að Gylfaflöt 2-4 í Reykjavík. Hins vegar við stefnanda, Yabimo ehf., um uppsetningu stálgrindarhússins. Yabimo Services og Yabimo ehf. eru systurfélög. Reikningar vegna viðskiptanna voru gerðir í evrum og um þá giltu pólsk lög.

Hinn 10. júlí 2019 lýsti VRG yfir riftun beggja samninganna á þeim grundvelli að bæði pólska og íslenska félagið hefðu vanefnt samningana. Vanefnd pólska félagsins var af hálfu VRG sögð í því fólgin að magnaukning á efni, frá því sem áætlun í samningnum á milli aðila gerði ráð fyrir, hefði verið veruleg, sem skýrðist af hönnunarmistökum pólska félagsins. Vanefnd íslenska félagsins var sögð sú að ekki hefði verið staðið við umsaminn afhendingartíma.

VRG var ekki skráður eigandi stálgrindarhúsanna, heldur voru stefndu í máli þessu, Gylfaflöt 2 ehf. og GF-4 ehf., skráðir fyrir hvoru húsanna um sig. Var hlutverk VRG samkvæmt stefndu að halda utan um reikninga frá Yabimo-félögunum fyrir eigendur fasteignanna og vera samningsaðili gagnvart þeim.

2.

Með kyrrsetningarbeiðni til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 31. október

2019, krafðist stefnandi Yabimo ehf. þess að kyrrsett yrði svo mikið af eignum gerðarþola, VRG, að nægði til tryggingar greiðslu á reikningskröfu félagsins. Við fyrirtöku gerðarinnar 22. nóvember 2019 lýsti lögmaður VRG því yfir að sér væri ekki kunnugt um að félagið ætti neinar eignir sem kyrrsetning yrði gerð í. Var kyrrsetningu því lokið án árangurs, með vísan til 15. gr. laga nr. 31/1990, sbr. 8. kafla aðfararlaga nr. 90/1989.

Stefnandi krafðist gjaldþrotaskipta á búi VRG með beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 9. desember 2019.. Fallist var á kröfuna með úrskurði, uppkveðnum 17. mars 2020. Frestdagur við skiptin var 9. desember 2019. Skiptastjóri gaf út innköllun sem birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði 14. apríl 2020 og lauk kröfulýsingarfresti samkvæmt því þann 14. júní 2020. Stefnandi og pólska félagið lýstu kröfum sínum í búið með kröfulýsingum, sem skiptastjóri móttók 14. maí 2020.

Skiptafundur í búinu var haldinn 3. júlí 2020 þar sem skrá skiptastjóra um lýstar kröfur var lögð fram. Skiptastjóri samþykkti reikningskröfur beggja félaganna en hafnaði dráttarvaxtakröfum.

Á skiptafundi 3. júlí 2020 gerði skiptastjóri grein fyrir athugun sinni á málefnum félagsins, sbr. fundargerð. Hann dró hana saman á bls. 7 í fundargerðinni í svohljóðandi orðum:

Skiptastjóri upplýsir jafnframt að hann hafi fengið afhent bókhaldsgögn vegna þrotaaðila. Beri þau með sér að félagið hafi verið eignarhaldsfélag utan um byggingu stálgrindarhúss að Gylfaflöt 2-4 í Reykjavík. Hafi eigendur viðkomandi lóða verið GF-4 ehf. og Gylfaflöt 2 ehf. Í samræmi við bókhaldsgögn og skýringar fyrrum fyrirsvarsmanna þrotaaðila hafi framkvæmdin verið með þeim hætti að þrotaaðili keypti vörur og þjónustu af þriðju aðilum vegna framkvæmdarinnar en að fjármögnun þeirra vöru- og þjónustukaupa hafi verið þannig háttað að þrotaaðili gerði reikninga á hendur eigendum lóðanna og endanlegum kaupendum stálgrindarhússins, GF-4 ehf. og Gylfaflöt 2 ehf. Þannig hafi endanlegir greiðendur vegna vöru- og þjónustukaupa verið skráðir eigendur stálgrindarhússins en þrotaaðili komið þar inn sem samningsaðili gagnvart framkvæmdaraðilum.

Einnig kom fram á fundinum að hið gjaldþrota félag ætti engar eignir aðrar en reiðufjáreign, um 1.300.000 krónur, vegna endurgreiðslna sem borist hefðu þrotabúinu. Á skiptafundinum tók lögmaður stefnanda m.a. fram að hann teldi að þrotabúið ætti kröfur á félögin tvö vegna fyrrgreindra reikninga. Samkvæmt skrá yfir lýstar kröfur í þrotabú Eignarhaldsfélags VRG ehf. samþykkti skiptastjóri höfuðstólskröfur Yabimo Services og Yabimo ehf. sem almennar kröfur skv. 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., samtals að fjárhæð 86.303.829 krónur, en hafnaði kröfum um greiðslu vaxta samkvæmt pólskum lögum vegna vanreifunar. Þá var fallist á beiðni stefnanda um að hann héldi

uppi viðkomandi hagsmunum í eigin nafni og myndi sjálfur bera kostnað og áhættu af aðgerðum sínum, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 21/1991.

3.

Stefndu áttu sem þinglýstir eigendur lóðanna tveggja, Gylfaflatar 2 annars vegar og Gylfaflatar 4 hins vegar, í samstarfi um uppbyggingu á þeim. Lóðirnar eru samliggjandi og var hugmyndin að ná fram aukinni hagkvæmni með því byggja þær samtímis og með sömu byggingarefnum- og aðferðum, eins og unnt væri. Voru útbúnar teikningar af atvinnuhúsnæði fyrir lóðirnar tvær. Burðargrind beggja húsa yrði úr stáli, klædd með samlokueiningum úr steinull. Húsin yrðu reist hvort á sinni lóð, á sinni botnplötu, með sitt lagnakerfi, sitt þak og sína sjálfstæðu útveggi. Húsin voru því aðskilin og sjálfstæðar einingar.

Byggingarlóðirnar voru ólíkar að stærð og lögun og húsin á lóðunum umtalsvert ólík. Á lóð nr. 2 var teiknað kassalaga hús, 1.462,4 fermetrar að stærð. Á lóð nr. 4 var hins vegar teiknað hús úr tveimur kössum, hornréttum hvorum á annan, tengdum með trapisu, samtals 1.820,4 fermetrar að stærð. Húsið á lóð nr. 2 yrði skemma nokkurra eininga með millilofti, svokallaðra „iðnaðarbila“. Fjöldi bila á lóð nr. 2 yrði 12. Húsið á lóð nr. 4 yrði skemma eininga en hannað sem verslun.

Stefndu ákváðu að sérstakt einkahlutafélag, VRG, myndi annast verkið sem aðalverktaki gagnvart hvorum stefnda fyrir sig. VRG myndi þannig, nánar tiltekið, taka við lóðunum þegar búið væri að reisa sökklá, sjá um að reisa húsin tvö og skila þeim tilbúnum að utan og án allra lagna og rafmagns.

4.

Með bréfi 13. desember 2017 óskaði Víðsjá ehf., verkfræðistofa, eftir tilboðum í byggingu stálgrindarhúsa að Gylfaflöt nr. 2 og 4. Fram kom m.a. að verð skyldi innihalda „hönnun stálvirkis, allt stál í burðarvirki, klæðningu á húsið, glugga, útihurðir, eldvarnarveggi milli rýma, milliloft og stiga“. Með bréfinu fylgdu svo aðaluppdrættir húsanna, álagsforsendur og upplýsingar um stálvirki og snjó- og vindálag. Nokkur tilboð bárust. Allir bjóðendur áætluðu magn stáls sem þyrfti í bygginguna. Töldu þeir að það væri á bilinu 176 til 244 tonn.

Á meðal tilboða var tilboð Yabimo Services sem tók til hönnunar, efnis og uppsetningar. Þá kom m.a. fram að innifalið væri undirbúningur verks, gerð verksmiðjuteikninga og samsetningarteikninga. Þá kom fram að eftirlit með verkinu væri innifalið sem og flutningar. Gerð voru tvö tilboð: Eitt, sem sagt var hagkvæmt, og annað, sem sagt var vandaðra. Munur þessara tilboða fólst einkum í útfærslu þaks og stiga. Stál sem sagt var þurfa var 214,8 tonn í því hagkvæmara en 193,2 tonn í því vandaðra. Í

samningi aðila var síðan áætlað stálmagn talið 209.585 kg, sbr. viðauka 3 með samningnum.

5.

Þegar tilboðin lágu öll fyrir yfirlýsing verkfræðistofan Víðsjá ehf. þau og átta stofan í ýmsum samskiptum við bjóðendur. Ákveðið var að ganga til samninga við Yabimo-félögin. Yabimo Services, pólska félagið útbjó drög að samningum. Annars vegar kaupsamning við Yabimo Services, og hins vegar verksamning við stefnanda um að reisa húsin.

6.

Í tímaáætlun um verkið var gert ráð fyrir verklokum í síðari hluta nóvember 2018, en það gekk ekki eftir og hafa komið fram ýmsar ástæður af hálfu beggja mál aðila um ástæður þessa. Gera þurfti breytingar á hönnun fasteignanna og uppsetningu þeirra, svo sem vegna stálsúlna í Gylfaflöt 4 sem ekki voru rétt staðsettar.

Mál aðilar voru í miklum tölvupóstsamskiptum vegna verksins. VRG ehf. greiddi alla reikninga framan af í samræmi við útgefna reikninga og reikningsfærði í framhaldinu stefndu eftir því sem við átta hverju sinni. VRG greiddi pólska félaginu fyrirfram 240.000 evrur og síðan í samræmi við útgefna reikninga fram til októbermánaðar 2018. Samtals námu greiðslur VRG til pólska félagsins á þeim tímapunkti 964.819,82 evrum. Samkvæmt samningi VRG við pólska félagið áttu greiðslur að nema 932.709,71 evru og hafði VRG því greitt meira en samningur kvað á um. Engir frekari reikningar voru gefnir út af pólska félaginu fyrr en eftir áramót 2018 og greiddi þá VRG 33.388,98 evrur til viðbótar.

VRG greiddi stefnanda, Yabimo ehf., samtals 386.974,27 evrur fyrir vinnu allt fram í mars árið 2019. Samkvæmt samningi aðila átta Yabimo ehf. að fá greitt samtals 636.022,00 evrur. Mismunur þessara fjárhæða nemur 242.920 evrum. Námu þær greiðslur samtals um 75% af heildarsamningsfjárhæð samkvæmt samningi VRG við stefnanda. Eftir það tímamark voru frekari reikningar frá VRG ekki greiddir þar sem félagið taldi vanefndir stefnanda á samningsskyldum komnar fram.

Á tímabilinu mars til júní 2019 fóru fram viðræður á milli VRG og Yabimo-félaganna um framgang beggja fasteigna, stöðu verkefnisins og ógreidda reikninga. Stálmagn í verkinu hafði þá aukist um 65% samkvæmt því sem segir í greinargerð stefnda, GF-4 ehf.

7.

Þann 8. febrúar 2022, voru þeir Jón Malmquist Guðmundsson og Þorgils Arason byggingarverkfræðingar dómkvaddir til að leggja m.a. mat á magn stáls í byggingu fasteignunum að Gylfaflöt 2 og 4. Í matsgerð þeirra, dags. 14. október 2022, var komist

að þeirri niðurstöðu að stálmagnið væri 259.365 kg. Sú niðurstaða var síðan leiðrétt og magnið talið nema 289.310 kg. Var það álit matsmanna að hægt hefði verið að minnka stálmagnið umtalsvert þegar húsið var í hönnun og að útreikningar matsmanna sýndu litla nýtni á stálinu. Þá gerðu matsmenn athugasemdir við hönnun húsanna og frágang þeirra og mátu áætlaðan viðgerðarkostnað 13.887.782 krónur.

8.

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilaskýrslur Pétur Blöndal, fyrirsvarsmaður Gylfaflatar 2 ehf., og Kristmann Hjálmarsson, fyrirsvarsmaður GF-4 ehf. Skýrslur vitna gáfu Eiríkur Ingvarsson og Piotrs Markowski, starfsmenn stefnanda, Auðunn Jóhann Guðmundsson byggingarstjóri, Þorgils Arason og Jón Malmquist Guðmundsson, dómkvaddir matsmenn, og Jón Logi Sigurbjörnsson, starfsmaður Víðsjár. Verður framburði þeirra lýst í niðurstöðum dómsins eftir því sem tilefni gefst til.

III

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi höfðar mál þetta til hagsbóta fyrir þrotabú Eignarhaldsfélagsins VRG.

Stefnandi byggir á því að bæði stefnandi og pólska félagið eigi ógreiddar reikningskröfur á hendur VRG, sem þau lýstu í þrotabúið með kröfulýsingum og skiptastjóri hafi samþykkt. Reikningarnir eigi það sammerkt að hafa verið gefnir út á grundvelli samninga þessara aðila. Reikningar gefnir út af Yabimo Services séu vegna efnis í fyrrnefnd stálgrindarhús, sem voru afhent á verkstað, þ.e. að Gylfaflöt 2–4 í Reykjavík. Reikningar gefnir út af Yabimo ehf. séu vegna vinnu við uppsetningu á stálgrindarhúsunum.

Reikningskröfurnar byggist á meginreglu samninga- og kröfuréttar um að samninga beri að halda og efna samkvæmt efni sínu. Um samningana gildi pólsk lög, en reglan þar sé sú sama og hér á landi varðandi skyldu til að efna samninga og greiða reikningskröfur. Jafnframt er vísað til greinar 353 í pólsku lögbókinni (Polish Civil Code) um samningsfrelsi. Samkvæmt greininni sé aðilum frjálst að semja á þann veg sem þeir kjósa, enda séu samningsskyldur samrýmanlegar eðli samnings og feli ekki í sér brot á lögum eða heilbrigðri skynsemi („social conduct“). Samningar aðila séu gildir samningar og greiðsluskylda VRG samkvæmt þeim sé skýr og ótvíræð.

Krafist er 9,5% dráttarvaxta frá gjalddaga reiknings hverju sinni til 1. janúar 2020, en 11,5% dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, en þetta séu dráttarvextir samkvæmt pólskum lögum. Samkvæmt pólskum lögum um vexti skuli greiða dráttarvexti af skuld, eins og hér um ræðir, frá gjalddaga reiknings. Verði ekki fallist á að beita pólskum lögum um dráttarvexti er til vara krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Stefnandi mótmælir því að samningar hafi verið vanefndir og að skilyrði riftana hafi verið fyrir hendi, enda hafi VRG ekki sýnt fram á annað. Jafnframt er bent á að reikningarnir séu vegna afhendingar á efni og verkþátta, sem stefnandi og pólska félagið höfðu afhent og gert reikninga fyrir áður en riftun hafði verið lýst yfir. Reikningunum hafi ekki verið mótmælt jafnóðum og þeir bárust VRG/stefndu, eins og skylt hefði verið að gera hefði VRG/stefndu haft athugasemdir við þá í svo stóru verki. Þá telur stefnandi að jafnvel þótt VRG hefði rift samningum á síðari stigum breytti það engu um skyldu til að greiða kaupverð og þóknun fyrir afhent efni og verkþætti sem voru unnir áður en riftun var lýst yfir. Að því er varðar fullyrðingar um hönnunarmistök er bent á að hönnuðir hússins hafi verið aðilar sem VRG og stefndu fengu til þeirra verka og voru ekki á vegum stefnanda eða pólska félagsins. Að verulegu leyti skýrist magnaukningar af breytingum sem gerðar voru á húsunum frá upphaflegum teikningum. Til dæmis hafi öðrum hlutanum (Gylfaflöt 4) verið breytt í „high rise“ vöruhús, en vegna þess hafi þurft að breyta burðarvirkishönnun sem leiddi aftur til þess að mun meira þurfti af stáli í húsið en upphafleg hönnun gerði ráð fyrir. Stefnandi eða pólska félagið hafi ekki borið ábyrgð á hönnun hússins og telji málatilbúnað VRG/stefndu fráleitana hvað þetta varðar.

Hvað riftanirnar varðar vísar stefnandi til bréfaskipta milli aðila, þar sem stefnandi og pólska félagið mótmæltu riftunum, svöruðu aðfinnslum og vísuðu til gagna. Að mati þeirra hafi riftunarskilyrði ekki verið uppfyllt og framkomnar riftunarástæður hvorutveggja tilhæfulausar og vanreifaðar. Sé litið á riftunaryfirlýsinguna sem ólögmeta tilraun VRG og stefndu til að koma sér undan greiðslum, eftir að húsið hafði verið byggt fyrir þá og það með efni sem eingöngu hafi verið greitt fyrir að hluta.

Samkvæmt aðalkröfu stefnanda er þess krafist að stefndu verði dæmdir til að greiða þrotabúinu skuld. Stefnandi byggir á því að á sama hátt og VRG skuldi honum og pólska félaginu umræddar reikningskröfur skuldi stefndu VRG sömu fjárhæðir þannig að VRG gæti staðið við greiðsluskyldur sínar. VRG hafi eingöngu verið e.k. gegnumstreymisfélag til að halda utan um samninga við stefnendur. Í hvert skipti sem VRG hafi borist reikningar hafi VRG gert hinum stefndu félögum reikninga fyrir sömu fjárhæð og greiðsla frá þeim hafi verið notuð til að greiða stefnendum, allt þar til það voru samantekin ráð þessara aðila að hætta að greiða stefnanda og pólska félaginu. Á sama hátt og VRG skuldi stefnanda og pólska félaginu skuldi hin stefndu félög VRG samsvarandi upphæð, enda hafi hin stefndu félög notið efnisins og vinnunnar sem reikningarnir eru gerðir fyrir, án þess að greiða fyrir það. Þannig fáist fjármunir í búið til að greiða reikningskröfurnar. Stefnandi lýsir því einnig yfir f. h. þrotabúsins að samhliða greiðslu stefnukrafna fái stefndu útgefna lögformlega reikninga í samræmi við það.

Stefnandi byggir á því að skuldaábyrgð hinna stefndu félaga sé óskipt. Byggist það á því að það hafi verið samantekin ráð þeirra að byggja húsið á sameiginlegri lóð

þeirra. Gagnvart viðsemjendum sé ábyrgðin því óskipt, þó svo að stefndu kunnri að ákveða að skipta greiðslum sínum á milli í hlutföllum.

Verði ekki fallist á að ábyrgðin sé óskipt felist í aðalkröfunni varakröfur um lægri greiðslur úr hendi hvors stefnda um sig, í þeim hlutföllum sem komist verði að niðurstöðu um að skipta beri greiðslunum. Þá sé gerð sérstök varakrafa um að greiðslurnar skiptist milli stefndu í hlutföllum 55% á móti 45%, en samkvæmt bókhaldi VRG hafi aðalreglan verið að skipta reikningunum þannig, þó að frá því séu undantekningar.

Varakrafa um riftun ráðstafana og endurgreiðslu: Verði ekki talið að um skuld stefndu sé að ræða samkvæmt reglum samninga- og kröfuréttar gerir stefnandi sérstaka varakröfu um riftun ráðstafana. Ráðstafanirnar, sem krafist sé riftunar á, felist í því að VRG, sem e.k. gegnumstreymisfélag sem átti ekki neitt sjálft, hafi komið því til leiðar með samningunum við stefnanda og pólska félagið að stefndu fengu byggt fyrir sig stálgrindarhús á lóðinni að Gylfaflöt 2–4, þar sem efni í húsið kom frá pólska félaginu en vinna við uppsetningu frá íslenska félaginu. Verðmæti efnisins og vinnunnar, þ.e. byggingarkostnaðurinn, samsvari fjárhæð reikninganna frá stefnanda og pólska félaginu. Að því leyti sem VRG kaus að gera stefndu ekki samsvarandi mótreykinga, sem var sannanlega fyrirkomulag sem þessir aðilar höfðu sjálfir komið á, fengu stefndu efnið og vinnuna gefins frá VRG.

Verði ekki fallist á að um beint skuldarsamband milli VRG og stefndu hafi verið að ræða, eins og byggt er á í aðalkröfu, byggir stefnandi á því að eftirgjöf þessi teljist vera gjafagerningar til hagsbóta fyrir stefndu í skilningi 131. gr. GÞL. Samkvæmt 2. málsgrein greinarinnar megi krefjast riftunar á gjafagerningi ef gjöf var afhent sex til tólf mánuðum fyrir frestdag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir afhendinguna. Stefnandi byggir á því að VRG hafi sannanlega ekki verið gjaldfært, enda félagið gegnumstreymisfélag, sem fjármagnaði sig að öllu leyti með gerð mótreykinga, samkvæmt því fyrirkomulagi sem áður hafi verið lýst. Stefnandi byggir jafnframt á því að samband hinna stefndu félaga og VRG hafi verið með þeim hætti að þau teljist hafa verið nákomin í skilningi 3. gr. GÞL og því eigi lokamálsliður 2. málsgreinar við. Því sé unnt að rifta gjöfum sem afhentar hafi verið sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag.

Um samband milli félaganna vísast til þess að það hafi verið samantekin ráð að stofna VRG sérstaklega í þeim eina tilgangi að „halda utan um samninga“ við stefnanda og pólska félagið og mögulega aðra sem komu að byggingu stálgrindarhússins. VRG hafði því engan sjálfstæðan fjárhagslegan tilgang, það hafði enga starfsmenn og engar raunverulegar tekjur. VRG reiknaði sér ekki einu sinni þóknun fyrir milligönguna. Því megi ljóst vera að félagið laut í raun stjórn hinna stefndu félaga og var eingöngu gegnumstreymisfélag í þeim skilningi að það móttók reikninga frá verktökum, gerði stefndu samsvarandi reikninga og greiddi með peningum frá stefndu. Tengsl félaganna

sem í þessu fólust séu sambærileg þeim sem talin eru upp í 1.–5. tölulið GÞL. Því til viðbótar er bent á stjórnunartengsl sem felast í því að Pétur Blöndal var og er stjórnarformaður stefnda Gylfaflatar 2-ehf. jafnframt því að hafa verið stjórnarmaður í VRG þegar ráðstafanirnar, sem krafist er riftunar á, voru gerðar. Þá var Gísli Reynisson hinn stjórnarmaðurinn í báðum þessum félögum auk þess sem hann var framkvæmdastjóri beggja félaganna. Stjórnunartengsl sem felist í þessu falli undir 5. tölulið sömu greinar. Auk þess séu eignatengsl þar sem Pétur Blöndal er skráður 100% hluthafi í VRG og 50% hluthafi í Gylfaflöt-2 ehf. í gegnum enn eitt einkahlutafélag sitt, Liv fjárfestingar ehf. Hinn 50% hluthafinn í Gylfaflöt-2 ehf. er Hraunsvík ehf., sem er í jafnri eigu áðurnefnds Gísla Reynissonar og eiginkonu hans, Sigríðar Bryndísar Stefánsdóttur. Samkvæmt þessu séu einnig eignatengsl á milli félaganna sem falli undir 4. og 5. tölulið 3. greinar GÞL.

Stefnandi vísar einnig til 141. gr. GÞL til stuðnings riftunarkröfunni. Er á því byggt að öll skilyrði riftunar samkvæmt tilvísuðu ákvæði séu uppfyllt, þ.e. að ráðstafanirnar teljist hafa verið ótilhlýðilegar, þær hafi verið hinum stefndu félögum til hagsbóta á kostnað VRG og að endingu stefnanda og pólska félagsins. Þær hafi leitt til þess að ekki voru til reiðu fjármunir til fullnustu á kröfum í bú VRG. Þá hafi VRG augljóslega verið ógjaldfært, en eins og áður segir hafi geta VRG til að standa undir skuldbindingum sínum að öllu leyti verið háð því að það fengi fjármuni til þess frá hinum stefndu félögum í hvert og eitt skipti.

Krafa um greiðslu fjármuna til þrotabúsins sé byggð á 142. gr. GÞL. Samkvæmt 1. mgr. skuli sá, sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun skv. 131.–139. gr., greiða þrotabúinu fé sem svari til þess sem greiðsla þrotamannsins hafi orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en nemi tjóni þrotabúsins. Greiðsla þrotamanns í þessu tilviki hafi verið efni og vinna samkvæmt reikningum, sem tilgreindir eru í kröfugerð og greiðslukrafa miðast við. Í því tilviki að riftun verði eingöngu byggð á 141. gr. GÞL gildi sú regla samkvæmt 3. mgr. 142. gr. laganna að sá, sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun, skuli greiða bætur eftir almennum reglum. Leiðir það til sömu niðurstöðu þar sem tjón búsins felst í því að hafa eftirgefið stefndu fjármuni, sem felast í efni og vinnu samkvæmt reikningunum.

Um dráttarvexti vísast til reifunar á aðalkröfu, sem einnig á við um dráttarvaxtaþátt varakröfu.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda, Gylfaflatar 2 ehf.

Öllum málflutningi Yabimo-félaganna um að horfa megi í gegnum VRG er mótmælt, eða að um e-k „gegnumstreymisfélag“ hafi verið að ræða.

Stefndi byggir á því að Yabimo-félögin hafi forklúðrað í öllum aðalatriðum efnidum á skuldbindingum sínum í samningunum við VRG. Hönnun stálgrindar hafi

reynst í litlu ef nokkru samhengi við fyrirleggjandi teikningar og aðrar forsendur. Framleiðsla stálgrindarinnar og eininga í húsið hafi tafist svo mánuðum skipti. Efni í grindina hafi síðan verið afhent í mörgum bitum með tilheyrandi óhagræði.

Afhending efnis hafi ekki farið fram með neinum viðhlítandi hætti og óljóst hversu mikið efni hafi farið í framleiðsluna. Þetta hafi leitt til þess að öll reikningagerð Yabimo-félaganna varð óviðunandi og í skötulíki.

Í nóvember 2018 hafi húsin tvö að Gylfaflöt verið hálfköruð, efnisskortur hafi staðið frekari uppsetningu þeirra fyrir þrifum, hönnun stálgrindar hafi ekki samrýmst hönnunarforsendum og engin skýr svör fengist um framhaldið. Þeir starfsmenn Yabimo ehf. sem áttu að annast uppsetninguna hafi komið og farið án eftirlits en unnið í aðalatriðum ekki neitt. Þá hafi verið skipt um staðarstjóra í miðju kafi með tilheyrandi vandræðum. Þetta ástand hafi leitt til mikilla vandræða og þessar tafir haft mikil áhrif og leitt til mikils tjóns í formi missis afnota af fullbyggðum húsum. Marghátuð tölvupóstsamskipti hafi átt sér stað um þetta og VRG sett fram ítrekaðar kvartanir og fyrirspurnir án þess þó að brugðist væri við.

Stefndi telur ljóst að fyrirsvarsmenn Yabimo-félaganna hafi vitað upp á sig skömmina. Þeir hafi þannig fallist á það þegar VRG neitaði að staðfesta að vinna hefði átt sér stað við húsið og lofað betrun og yfirbót. Þá hafi Yabimo-félögin ítrekað gefið út áætlanir og fyrirheit um hvenær hefjast skyldi handa og hversu marga menn skyldi setja í verkið. Þær hafi síðan jafnóðum brugðist og nýjar verið gerðar í staðinn.

Þá hafi Yabimo Services ítrekað reynt að bæta úr ýmsum hönnunaranmörkum með tilheyrandi tölum og vandræðagangi. Hafi þetta tekist svo illa til að eitt sinn hafi fyrirsvarsmenn VRG komið á verkstað og orðið þess varir að búið væri að reisa stálsúllur á miðju gólfi einstakra iðnaðarbíla. Yrði þannig ekki einu sinni unnt að aka bifreið inn í rýmin. Mikill tími hafi síðan farið í það hjá Yabimo-félagunum að leysa úr þessu.

Stefndi tekur fram að VRG hafi til að byrja með staðið skil á öllum greiðslum samkvæmt reikningum Yabimo-félaganna. Þannig hafi VRG greitt Yabimo Services 240.000 evrur fyrir fram. Yabimo Services hafi síðan gefið út reikninga um leið og félagið sendi vörur af stað frá Póllandi til Íslands. Þá reikninga hafi VRG greitt jafnóðum allt fram í október 2018. Samtals hafi greiðslur VRG til Yabimo Services á þeim tíma numið 964.819,82 evrum sem hafi verið rúmlega heildarfjárhæð alls samningsins við Yabimo Services. Yabimo Services hafi í kjölfarið, fram að áramótum 2018, ekki óskað eftir neinum frekari greiðslum frá VRG. Hafi stefndi mátt draga þá ályktun að engar forsendur væru fyrir einhverjum umframkröfum vegna samningsins. Upp úr áramótum hafi Yabimo Services byrjað að gefa út reikninga að nýju. Hafi VRG þá greitt 33.388,98 evrur til viðbótar en látið þar við sitja. Hafi þá verkið verið komið í slíkar ógöngur að fyrir frekari greiðslum voru engar forsendur.

Þá hafi VRG greitt Yabimo ehf. 386.974,27 evrur fyrir vinnu allt fram í mars 2019 og það þótt allt hafi verið komið í handaskol við uppsetningu húsanna á þeim tíma. Hafi það verið u.þ.b. 75% umsaminna verklauna. Uppsetning húsanna hafi hins vegar þegar á þessum tíma verið komin í algjöra sjálfheldu. Hafi því ekki verið frekari forsendur fyrir greiðslum VRG til Yabimo ehf.

Stefndi telur að uppsetning og hönnun hússins af hálfu Yabimo-félaganna hafi reynst ófagleg og allur frágangur til vansa. Helstu gallar hafi verið þessir: a) Upphafleg hönnun stálvirkis hússins af hendi Yabimo Services hafi verið í ósamræmi við íslenska staðla. Þá hafi endurtekið verið reynt að bæta úr án þess að fullnægjandi væri. Af þessu hafi hlotist ómæld vandræði því Yabimo Services hóf framleiðslu stálgrinda án þess að fullnægt væri kröfum viðeigandi staðla. Hafi það svo leitt til þess að stálvirkið varð tilbúið á mismunandi tímum. Í stað þess að senda það í einni sendingu til Íslands hafi það verið sent í bútum í mörgum sendingum. Tafði þetta mjög verulega fyrir uppsetningu og jók mjög kostnað stefndu af framkvæmdum. b) Burður í þaki hafi verið ófullnægjandi í upphafi. Því hafi þurft að fjölga sperrum í lofti um helming. Afleiðing þess hafi verið sú að setja þurfti þverbönd í loft, sem hefði ella ekki þurft, en tilvist þeirra takmarki lofthæð og rýri notagildi. Önnur afleiðing hafi verið sú að meðan úr þessu var leyst hafi húsið staðið opið um miðjan vetur á meðan málaðir stálbitar ryðguðu. Yfir þetta hafi þurft að mála með öðrum lit en var á öðru stáli með tilheyrandi útlitslýtum. Eins sitji eftir töluvert ryð sem ekki hafi verið málað yfir. c) Hönnun með hliðsjón af vindaálagi hafi verið röng og það leitt til þess að gera þurfti ráðstafanir á meðan á verkinu stóð. Þannig hafi þurft að þykkja stálgrind að innanverðu í húsinu langt umfram það sem geti talist eðlilegt, með tilheyrandi skerðingu á notagildi. Þá hafi þurft að breyta mænissamsetningum og styrkja þar sem upphafleg hönnun Yabimo hafi ekki staðist uppgefið snjóálag. d) Allir gluggar og hurðir hafi verið sett í með frauði og ekki settar þéttipulsur eða kítti. Lokað hafi svo verið yfir með frágangsflassingum. Afleiðingin hafi síðan orðið sú að meðfram öllum hurðum og gluggum blés og gera þurfti kostnaðarsamar ráðstafanir til að bæta úr. e) Hönnun og frágangur þaks við mæni hafi verið forkastanlegur, með tilheyrandi leka og vandræðum. Taka hafi þurft kjölinn af húsinu og bræða dúk yfir til að bæta úr þessu. f) Hönnun festinga og þéttinga með þakgluggum hafi verið í ólagi. Fara hafi þurft yfir með þéttiefni til að bæta úr og enn leki með þakgluggum í húsinu þegar rigni. Fullar úrbætur hafi ekki enn átt sér stað en mikill kostnaður muni fyrirsjáanlega hljóta af þegar ráðist verði í þær. g) Skrufur í klæðningu hitti ekki alls staðar á burðarbita í húsinu og standi því í gegnum klæðningu inn í húsið. Þá hitti ekki öll samskeyti á klæðningu hússins á súlur og sjáist samskeytin því víða að innanverðu. Úr þessu hafi verið bætt með uppsetningu flasinga og með töluverðum tilkostnaði. h) Við uppsetningu hússins hafi notkun slípirokks víða leitt til skemmda á klæðningu hússins. Þar sem svo hátti til sé byrjað að myndast ryð á húsinu utanverðu og sjái víða á því af þessum sökum. i)

Hringstigar standist ekki kröfur sem gerðar séu með tilliti til fallhættu og þeim hafi þurft að breyta með ærnum tilkostnaði. Þá hafi brunapéttingar á milli bíla verið ófrágengnar og úr því þurft einnig að bæta með tilheyrandi kostnaði. Loks hafi ræstingar og salerni ekki verið rétt framleidd og það leitt af sér umtalsverðan kostnað. j) Ankerisfestingar hafi ekki verið samkvæmt teikningu og ekki passað á sökkul. k) Flasningar hafi verið settar vitlaust á. l) Milliveggir hafi verið settir á rangan stað. Teikningar arkitekts hafi miðast við að þeir yrðu settir á miðja súlu en í stað þess hafi þeir verið settir utan á. Við það breyttist stærð bíla og þau urðu misstór. Eins hafi þetta leitt af sér aukalegan kostnað við lagfæringu brunapéttinga og breytt staðsetningu niðurfalla. m) Stálgrind gerði ekki ráð fyrir útgöngudyrum sem áttu að vera á norðurgafli og því hafi reynst nauðsynlegt að sleppa dyrunum.

Stefndi haldi því fram að allar tafirnar, vandræðagangurinn og gallarnir á hönnun, uppsetningu og efnisskilum hafi leitt til þess að VRG hafi talið nauðsynlegt að rifta samningum sínum við Yabimo-félögin með bréfi 10. júlí 2019. Þessar vanefndir hafi haft mikil áhrif á stöðu VRG sem aðalverktaka. VRG hafi þannig sem aðalverktaki orðið að gera ýmsar ráðstafanir með tilheyrandi kostnaði til að bregðast við og koma verkinu í ásættanlegt horf gagnvart verkkaupa. Þá hafi stefndi sem verkkaupi þurft að stofna til margháttads kostnaðar vegna þessa. Afleiðingar þessa hafi svo orðið þær, í kjölfar kyrrsetningargerðar, að VRG var tekið til gjaldþrotaskipta áður en nokkur efnislegur botn hafði fengist í ágreining Yabimo-félaganna við VRG.

Stefndi byggir á því að VRG hafi verið aðalverktaki við byggingu hússins að Gylfaflöt nr. 2. Stefndi hafi verið verkkaupi og réttarsamband þeirra hafi verið óformlegt. Stefndi hafi falið VRG ýmsa verkþætti við byggingu húss stefnda nr. 2 við Gylfaflöt. VRG hafi gefið út reikninga á stefnda eftir því sem um var samið. Þá reikninga hafi stefndi greitt alla með tölu. VRG eigi engar frekari kröfur en þessar. Réttarsamband aðalverktaka við undirverktaka og aðra birgja aðalverktaka hafi verið stefnda sem verkkaupa óviðkomandi. Þegar af þessari ástæðu beri að sýkna hann af öllum kröfum í málinu.

Samningur VRG og stefnda hafi að eðli og umfangi verið öðruvísi en samningar Yabimo-félaganna við VRG. Samningar Yabimo-félaganna hafi t.d. lotið pólskum lögum en ekki íslenskum. Þeir hafi lotið að bæði Gylfaflöt nr. 2 og 4 en ekki bara nr. 2. Samningur Yabimo Services hafi verið kaupsamningur með afmörkuðum þjónustupætti en ekki verksamningur, eins og samningur VRG við stefnda.

Sú hugmynd stefnanda að spegla megi samninga Yabimo-félaganna yfir á samning stefnda við VRG standist ekki. Stefnandi sé í málatilbúnaði sínum að hræra saman ólíkum réttarsamböndum á milli ólíkra aðila án nokkurra viðhlítandi skýringa. Virðist sem Yabimo-félögin séu að reyna, með krókaleiðum, að komast hjá því að sýknað verði af kröfum þeirra á grundvelli aðildarskorts, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Helst virðist stefnandi óska þess að dómstólar færi honum með dómi, en án samnings, einhvers konar sjálfskuldarábyrgð stefnda á skuldbindingum VRG við Yabimo-félögin. Eftirtekt vekur að stefnandi færir engin lagarök fyrir aðalkröfu sinni, enda vandséð hvaða lagaregla heimili dómstólum þetta. Helst virðist mega skilja aðalkröfuna svo að einhvers konar munnlegur samningur hafi verið á milli VRG og stefnda sama efnis og samningar Yabimo-félaganna við VRG, nema bara með sameiginlegri ábyrgð stefndu. Aðalkröfunni sé því stillt upp eins og krafist sé efnda in natura á samningi.

Staðan sé einfaldlega þannig að VRG hafi verið heimilt sem aðalverktaka að gera kröfur á sína verkkaupa með þeim hætti sem VRG taldi haganlegt og sanngjarnt. Ýmis torkerki hafi verið á gerð samsvarandi kröfugerðar og Yabimo-félögin gerðu. Fyrirsvarsmenn VRG, sem ráðstöfuðu hagsmunum þess lögum samkvæmt, hafi ekki verið bundnir af fyrirmælum eða kröfum Yabimo-félaganna í þessum efnunum. VRG hafi þannig mátt semja við stefnda á sjálfstæðum grundvelli. Þá hafi eftir riftun VRG á samningum við Yabimo-félögin engar forsendur verið fyrir frekari kröfugerð VRG á stefnda vegna efnis eða vinnu sem Yabimo-félögin létu VRG í té samkvæmt kaupsamningi, annars vegar, og verksamningi, hins vegar. Aðalkrafa stefnanda standist því ekki.

Hið sama eigi einnig við um varakröfu stefnanda. Því sé mótmælt að VRG hafi verið ógjaldfært á þeim tíma sem um ræðir, en engin sönnun hafi verið færð fram því til staðfestingar. Megi reyndar benda á að alls óljóst sé við hvaða tímamark eigi að miða hér, en stefnandi reifi þetta ekki með viðhlítandi hætti.

Ekki nægi stefnanda til riftunar að benda á það eitt að VRG hafi verið „gegnumstreymisfélag“ í þeim skilningi að félagið var aðalverktaki gagnvart verkkaupa, stefnda. Þá hafi stefndi ekki farið með yfirráð VRG og ætluð tengsl á milli stefnda og VRG séu með öllu vanreifuð af hálfu stefnanda.

Því sé mótmælt að VRG hafi fært einhver verðmæti til stefnda umfram þau sem stefndi greiddi fyrir. Engin sönnun um slíkt liggi fyrir í málinu. Því sé mótmælt í öllum atriðum sem ósönnuðu að riftunarreglur 131. og 141. gr. laga nr. 21/1991 geti átt við í málinu. Loks er því mótmælt að hin ætluðu verðmæti hafi orðið stefnda að notum með þeim hætti að réttlætt geti kröfu samkvæmt 142. gr. laga nr. 21/1991. Stefnandi geri í málinu enga kröfu á grundvelli almennu sakarreglunnar. Af þessum ástæðum standist grundvöllur kröfugerðar stefnda með engu móti og því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum í málinu.

Stefndi mótmælir því að að Yabimo Services hafi átt kröfur á VRG að fjárhæð 164.033,95 evrur samkvæmt reikningum sem taldir eru upp í stefnu og lagðir eru fram í gögnum málsins. Telur stefndi að kröfur Yabimo Services á VRG séu andstæðar samningi málsaðila. Samkvæmt samningnum hafi Yabimo Services átt að veita þá

þjónustu og afhenda vörur eins og nánar var lýst í viðauka 2. Sú lýsing sem þar birtist hafi verið útbúin af Yabimo Services og magntölur hafi verið byggðar á áætlun Yabimo Services. Samkvæmt pólskum lögum hafi hvílt á Yabimo Services sú skylda við gerð áætlunarinnar að vanda til hennar og vinna hana í góðri trú. Yabimo Services beri því fulla ábyrgð á þessari áætlun. Er því mótmælt að nokkuð hafi gerst eftir að samningurinn var gerður sem réttlætt geti breytingar á henni.

Í samningi Yabimo Services, ákvæði 3.2, komi skýrt fram að engar breytingar skyldi gera á ákvæðum samningsins um efni og þjónustu nema með skriflegum viðbótarsamningi undirrituðum af viðskiptavini. Í stöðluðum skilmálum Yabimo Services, ákvæði 1.2, komi fram að aðeins þær vörur og sú þjónusta falli undir samninginn sem fram komi í viðauka 2 eða hafi bæst við með sérstökum samningi og með skriflegu samþykki beggja samningsaðila. Þá var tekið fram í skilmálunum, ákvæði 10.1, hvernig haga ætti breytingum á ákvæðum í viðauka 2. Þar sagði að ef einhverjar ástæður leiddu til þess að breyta þyrfti teikningum eða útfærslum ætti Yabimo Services þegar í stað að senda VRG skriflega tilkynningu þar að lútandi. Enginn viðbótarsamningur af þessum toga hafi verið gerður á milli VRG og Yabimo Services. Engar tilkynningar hafi heldur borist VRG frá Yabimo Services. Hefði mátt búast við því að slíkar tilkynningar kæmu fram eigi síðar en um mitt ár 2018, enda átti afhending að hafa farið fram á þeim degi. Síðari tilkynningar gátu enda engum tilgangi þjónað því þá hefði verið mun erfiðara fyrir VRG að bregðast við. Yabimo gat þegar af þeirri ástæðu ekki átt rétt til frekari greiðslna en þeirra sem fram komu í samningnum. VRG hafi þegar greitt reikninga frá Yabimo Services að fjárhæð 998.208,80 evrur. Sú fjárhæð sé talsvert hærri en sú fjárhæð sem VRG átti að greiða samkvæmt samningnum. Þegar af þeirri ástæðu beri að líta svo á að Yabimo Services hafi engar réttmætar kröfur átt á VRG.

Stefndi byggir á því að ósannaðar séu fullyrðingar Yabimo Services um það magn efnis sem Yabimo Services kveðast hafa afhent VRG. Þegar af þeirri ástæðu eigi kröfur Yabimo Services á VRG ekki við rök að styðjast. Í samningi Yabimo Services við VRG komi skýrt fram, í viðauka 3, mgr. 2(c), að Yabimo Services eigi að ganga frá vörum og efni til sendingar, útbúa farmbréf og stíla sendinguna á Íslandsbanka vegna VRG sem móttakanda (e. „consignee“). Vörurnar voru því fyrst móttæknar af VRG hér á landi. Enginn vafi leiki á að sendandi vörunnar hafi verið Yabimo Services. Þetta sé ekki aðeins í samræmi við samninginn, heldur komi fram í öllum farmbréfum sem liggja fyrir í málinu að Yabimo Services hafi verið sendandi eins og fram komi á reikningum gefnum út af félaginu. VRG móttók því ekki vörurnar fyrir en hér á landi.

Stefndi mótmælir því að VRG hafi móttækið allt það efni sem Yabimo Services heldur fram að hafi verið afhent. Farmbréf beri reyndar með sér að efni skv. reikningum útgefnum á tímabilinu 29. apríl til 10. maí 2019 hafi verið afhent þriðja manni. Þá sé með öllu óljóst um nákvæmt umfang þess efnis sem hafi verið afhent. Loks hafi verið afhent

efni sem hafi engum tilgangi þjónað. Þannig hafi VRG borist ýmiss konar stálbitar frá Yabimo Services, sem hafi óljóst eða ekkert notagildi haft fyrir bygginguna. Þeir hafi því endað í haugum á byggingarstað og dreifst um hann eins og hráviði. Stefndi mótmælir því þannig sem ósönnuðu að Yabimo Services hafi afhent efni í þeim mæli sem reikningsgerð þess byggist á.

Yabimo Services hafi samkvæmt samningi aðila átt að afhenda VRG tilteknar vörur og veita tiltekna þjónustu. Á afhendingu þessara vara og þjónustu hafi hins vegar verið óeðlilegar og óréttmætar tafir. Samkvæmt samningnum, ákvæði 8.1 í stöðluðum skilmálum Yabimo Services, skyldi afhending fara fram á þeim degi sem fram kæmi í samningnum, og kæmi hann ekki fram þar skyldi afhending fara fram á þeim degi sem fram kæmi í pöntuninni (e. „the order“). Skilja verði þetta svo að pöntunin hafi, í þessu tilliti, verið vegna óska Víðsjár um tilboð í verkið frá 13. desember 2017. Þar hafi komið fram að stefnt væri að því að hönnun væri lokið um miðjan mars og framkvæmdir hæfust um mitt ár 2018. Af þessu verði ályktað að Yabimo Services hefði átt að hafa lokið afhendingu hönnunar og vara samkvæmt samningnum eigi síðar en um mitt ár 2018. Í samræmi við þetta áætluðu Yabimo-félögin að húsin yrðu fullreist eigi síðar en síðari hluta nóvember 2018.

Verði einhver vafi talinn leika á þessu er byggt á því að af pólskum lögum, sem giltu um þennan samning, leiði hið sama. Þannig segir í 455. gr. pólsku borgaralögbókarinnar að efna beri skuldbindingar á þeirri stundu sem þess er krafist leiði ekki annað af eðli máls. Legið hafi fyrir að VRG krafðist þess að afhending efnis og þjónustu færi fram eigi síðar en um mitt ár 2018. Ekkert í eðli réttarsambands Yabimo Services og VRG geti réttlætt að vikið sé frá þessu tímamarki.

Yabimo Services hafi brotið í mjög verulegu gegn þessu. Þannig hafi afhending farið fram seint og um síðir og löngu eftir þetta tímamark. Hönnunina hafi Yabimo Services unnið seint og illa og hrært í henni langt fram á árið 2019. Vörurnar hafi borist seint og illa og stór hluti ekki fyrr en þegar langt var liðið á árið 2019 og sumar bárust reyndar aldrei. Þetta hafi haft alvarlegar afleiðingar fyrir VRG og leitt af sér miklar tafir á verkinu.

Með vísan til alls framangreinds er sýnt að VRG átti háar afsláttar- og skaðabótakröfur á Yabimo Services.

Samkvæmt samningi aðila bar Yabimo Services ríka ábyrgð, sbr. ákvæði 6.2 og 7 í stöðluðum skilmálum þess sjálfs, á því að seld vara og þjónusta væri nothæf til þeirra þarfa sem um ræddi. Mjög verulega hafi verið brotið gegn þessu, enda hafi hönnunin verið ótæk og hafi leitt af þessu mikið tjón. Samkvæmt ákvæði 7.2 var Yabimo Services skylt að bæta úr öllum göllum sem fram kynnu að koma á verki og vörum fyrirtækisins. Horfa verði til þess að ýmislegt sem Yabimo Services gerði, þegar verkið var komið í

skrúfuna, virðist hafa verið ætlað að bæta úr. Þannig hafi aukið magn efnis verið notað til að bæta úr ýmsum göllum sem upp komu. Þær úrbætur hafi svo reynst ófullnægjandi.

Þetta sýni hversu langt Yabimo Services seilist þegar VRG er lýst ábyrgt fyrir aukakostnaði þessu samfara. Hið rétta sé að á öllum þessum kostnaði hafi Yabimo Services borið ábyrgð sem og öllu öðru tjóni sem af þessu leiddi.

Þegar VRG rifti samningnum við Yabimo Services hafi það því verið í fullu samræmi við heimildir VRG, sbr. m.a. ákvæði í stöðluðum skilmálum Yabimo ehf. sjálfs, ákvæði 12, og almennar reglur.

Um kröfur Yabimo ehf. á VRG byggir stefnandi á því að Yabimo ehf. hafi átt kröfur á VRG að fjárhæð 393.737,66 evrur samkvæmt reikningum sem taldir eru upp í stefnu, og liggja fyrir í gögnum málsins. Stefndi mótmælir því að svo hafi verið þar sem kröfur Yabimo ehf. séu andstæðar samningi við VRG. Samkvæmt samningnum átti Yabimo ehf. að veita þá þjónustu og afhenda vörur eins og nánar var lýst í viðauka 2. Sú lýsing sem þar birtist hafi verið útbúin af Yabimo ehf. og magntölur verið byggðar á áætlun Yabimo ehf. Á Yabimo ehf. hafi, við gerð áætlunarinnar, hvílt sú skylda samkvæmt pólskum lögum að vanda til áætlunarinnar og vinna hana í góðri trú. Yabimo ehf. beri því fulla ábyrgð á þessari áætlun. Því sé mótmælt að nokkuð hafi gerst eftir að samningurinn var gerður sem réttlætt geti breytingar á henni.

Í samningi Yabimo ehf., ákvæði 3.2, komi skýrt fram að engar breytingar skyldi gera á ákvæðum samningsins um efni og þjónustu nema með skriflegum viðbótarsamningi undirrituðum af viðskiptavini. Í stöðluðum skilmálum Yabimo ehf., ákvæði 1.2, komi fram að aðeins þær vörur og sú þjónusta falli undir samninginn sem fram komi í viðauka 2 eða hafi bæst við með sérstökum samningi og með skriflegu samþykki beggja samningsaðila. Þá var tekið fram í skilmálunum, ákvæði 10.1, hvernig haga ætti breytingum á ákvæðum í viðauka 2. Þar sagði að ef einhverjar ástæður leiddu til þess að breyta þyrfti teikningum eða útfærslum ætti Yabimo ehf. þegar í stað senda VRG skriflega tilkynningu þar að lútandi. Enginn viðbótarsamningur hafi verið gerður á milli VRG og Yabimo ehf. Engar tilkynningar hafi heldur borist VRG frá Yabimo ehf. Búast hefði mátt við því að slíkar tilkynningar kæmu fram eigi síðar en um 15 vikum frá miðju ári 2018, enda átti verkinu að vera lokið á þeim degi. Síðari tilkynningar hafi enda engum viðhlítandi tilgangi getað þjónað því þá var eðli máls samkvæmt mun erfiðara fyrir VRG að bregðast við. Yabimo ehf. hafi þegar af þeirri ástæðu ekki átt rétt til frekari greiðslna en þeirra sem fram komu í samningnum.

VRG hafi þegar greitt reikninga frá Yabimo ehf. að fjárhæð 393.101,84 evrur ásamt virðisaukaskatti. Samkvæmt samningi aðila hafi Yabimo ehf. átt að fá greiddar samtals 636.022,00 evrur. Mismunur þessara fjárhæða nemi 242.920,00 evrum. Kröfur Yabimo ehf. á hendur stefndu í máli þessu nemi 393.737,66 evrum. Heildarkrafa

stefnanda á hendur stefndu sé því rúmlega 150.000 evrum hærri en samið var um og að því leyti andstæð samningi aðila.

Stefndi telur að ósannaðar séu fullyrðingar Yabimo ehf. um umfang vinnunnar sem Yabimo ehf. kveðst hafa unnið í þágu VRG. Þegar af þeirri ástæðu eigi kröfur Yabimo ehf. á VRG ekki við rök að styðjast. Í umfjöllun um kröfur Yabimo Services sé allt á huldu um magntölur verksins. Með sömu rökum mótmæli stefndi þeim magntölum sem stefnandi byggir kröfur sínar á. Þá bætist við að vinnuseðlar þeir sem kröfur Yabimo ehf. eru byggðar á hafi aldrei verið staðfestir af VRG. Hafi það stafað af því að VRG varð þess ítrekað vart, á þeim tíma sem um ræddi, að magntölur samkvæmt vinnuseðlum stæðust ekki. Á því hafi engar skýringar fengist og VRG neitaði því að staðfesta vinnuseðlana.

Stefndi tekur fram að Yabimo ehf. hafi samkvæmt samningi aðila átt að veita VRG tiltekna þjónustu við uppsetningu húsanna á Gylfaflöt 2 og 4. Á afhendingu þessara vara og þjónustu hafi hins vegar orðið óeðlilegar og óréttmætar tafir. Samkvæmt samningnum, ákvæði 8.1 í stöðluðum skilmálum Yabimo ehf., skyldi afhending fara fram á þeim degi sem fram kæmi í samningnum, og kæmi hann ekki fram þar skyldi afhending fara fram á þeim degi sem fram kæmi í pöntuninni (e. „the order“). Í samningnum, viðauka 2, ákvæði 1.1, komi fram að verkinu skuli lokið 15 vikum frá afhendingu efnis. Með hliðsjón af tengslum Yabimo ehf. og Yabimo Services sé óhjákvæmilegt að skilja þetta svo að framkvæmdir hafi átt að hefjast um mitt ár 2018 og vera lokið 15 vikum síðar. Verði einhver vafi talinn leika á þessu er byggt á því að af pólskum lögum, sem giltu um þennan samning, leiði hið sama, sbr. m.a. það sem áður greini um kröfur Yabimo Services. Eins megi nefna að í samræmi við þetta áætluðu Yabimo-félögin að húsin yrðu fullreist eigi síðar en síðari hluta nóvember 2018. Yabimo ehf. hafi því brotið mjög verulega gegn þeirri skyldu að ljúka uppsetningu innan 15 vikna. Sú vinna hafi tafist verulega og að endingu hafi tafirnar orðið svo gríðarlegar að óhjákvæmilegt var að rifta samningi aðila.

Stefndi telur með vísan til framangreinds ljóst að VRG hafi átt háar afsláttar- og skaðabótakröfur á Yabimo ehf. Yabimo ehf. hafi dregið mjög verulega verkið sem samið var um og tekið til þess langtum lengri tíma en þær 15 vikur sem um hafði verið samið. Hafi þetta falið í sér alvarlegt brot sem hafi leitt af sér gríðarlegt tjón fyrir VRG. Samkvæmt samningi aðila hafi Yabimo ehf. einnig borið ríka ábyrgð, sbr. ákvæði 6.2 og 7 í stöðluðum skilmálum þess sjálfs, á því að selda vara og þjónusta væri nothæf til þeirra þarfa sem um ræddi. Mjög verulega hafi verið brotið gegn þessu, enda hafi uppsetning og frágangur við hana verið alls ófullnægjandi í veigamiklum atriðum. Samkvæmt ákvæði 7.2 hafi Yabimo ehf. verið skylt að bæta úr öllum göllum sem fram kynnu að koma á verki og vörum fyrirtækisins. Horfa verði til þess að ýmsu sem Yabimo ehf. gerði, þegar verkið var komið í skrúfunu, virðist hafa verið ætlað að bæta úr. Þannig hafi

borið á ýmiss konar tvíverknaði og vandræðum sem VRG geti ekki talist hafa verið ábyrgt fyrir. Þetta sýni hversu langt Yabimo ehf. seilist þegar VRG er lýst ábyrgt fyrir aukakostnaði þessu samfara. Hið rétta sé að á öllum þessum kostnaði hafi Yabimo ehf. borið ábyrgð sem og öllu öðru tjóni sem af þessu leiddi. Þegar VRG rifti samningnum við Yabimo ehf. hafi það verið í fullu samræmi við heimildir VRG, sbr. m.a. ákvæði í stöðluðum skilmálum Yabimo ehf. sjálfs, ákvæði 12, og almennar reglur.

Saman tekið séu kröfur Yabimo-félaganna úr öllu hófi fyrir það verk og þær vörur sem um var að tefla. Verkið og vörurnar hafi ekki staðist faglegar kröfur, eins og áskilið var. Sjáist það af þeim stórkostlegu göllum sem hafi verið á verkinu. Vörurnar hafi síðan komið allt of seint til afhendingar og öll verk samkvæmt samningunum dregist úr hófi. Af þessu öllu hafi hlotist verulegt tjón fyrir VRG sem Yabimo-félögin hafi borið ábyrgð á og réttlættu að VRG rifti samningum sínum við félögin. Sé öllu þannig rétt til haga haldið hafi það verið VRG sem átti kröfur á Yabimo-félögin en ekki öfugt.

Fari svo ólíklega að Yabimo-félögin verði talin geta gert einhverjar kröfur á VRG mótmælir stefndi því að vera í skuld við VRG. Þvert á móti eigi stefndi háar fjárkröfur á VRG. Kröfur stefnda á VRG séu samtals að fjárhæð 54.245.959 krónur og sundurliðist sem hér segir: 1) Krafa vegna afhendingardráttar, 22.320.000 krónur. 2) Krafa vegna kostnaðar við að ljúka uppsetningu, 20.969.459 krónur með virðisaukaskatti. 3) Krafa vegna rýrnaðs virðis eignar, 10.956.500 krónur.

Krafa vegna afhendingardráttar byggist á þeim fjármagnskostnaði sem stefndi hafi borið. Hann hafi keypt lóðina nr. 2 við Gylfaglöt í því skyni að byggja hana og selja frá sér stök iðnaðarbil. Með þeim töfum sem urðu hafi stefndi borið aukinn fjármagnskostnað vegna eignarinnar og tafir orðið á því að hann gæti selt bilin. Eðli máls samkvæmt sé vandasamt að meta kostnaðinn við þetta, en söluandvirði bilanna hafi samtals verið 408.100.000 krónur. Kaupsamningar um bilin hafi verið gerðir á tímabilinu 4. júlí til 20. september 2019. Hefði ekki komið til afhendingardráttar af hálfu VRG gagnvart stefnda, í tengslum við afhendingardrátt Yabimo-félaganna, hefði án efa verið gengið til þessara kaupsamninga níu mánuðum fyrr. Almennir útlánsvextir, sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, hafi á þessum tíma verið á bilinu 5,75% til 6,00% á ársgrundvelli. Meðaltal þeirra á níu mánaða tímabilinu október 2018 til júní 2019 var 5,94%. Á þann mælikvarða hafi fjármagnskostnaður vegna tafanna a.m.k. verið 18.180.855 krónur. Almennir útlánsvextir séu hins vegar mælikvarði á hagstæðustu fjármögnun sem traustustu lántakar geta aflað sér á hverjum tíma. Slík fjármögnun hafi ekki staðið stefnda til boða og geri hann því kröfu um að fá tjón sitt vegna tafanna bætt með greiðslu á 22.320.000 krónum sem feli í sér hóflegt álag á fjármögnun traustustu lántaka.

Krafa vegna kostnaðar við að ljúka uppsetningu tengist kostnaði sem stefndi hafi orðið að leggja út fyrir til að fá aðra verktaka a) til að ljúka uppsetningu hússins og til

þeirra verka sem Yabimo-félögin höfðu tekið að sér og b) til að gera við galla, eftir því sem hægt var, sem hafi verið á verki og stálgrind Yabimo-félaganna. Hvað varðar lið a hafi verið um að ræða kostnað við uppsetningu hússins, ísetningu glugga, frágang milliveggja og brunapéttinga. Hvað varðar lið b hafi verið um að tefla kostnað vegna viðgerða ófullnægjandi brunapéttinga, kostnað vegna viðgerða á stigum sem stóðust ekki kröfur byggingarreglugerðar, vegna leka á þakmæni og öllum þakgluggum, viðgerðar á mæni, lagfæringar á uppsetningu mænis og viðgerða á einingum sem skemmdust vegna blossakasts frá slípirokkum og rafsuðuvélum í meðförum Yabimo-félaganna. Heildarkostnaður vegna þessa hafi fallið til á árunum 2019 til 2021 og sundurliðist sem hér segir eftir árum: Árið 2019, 16.830.774. krónur, árið 2020, 3.740.273 krónur, árið 2021, 398.412 krónur. Eins megi sundurliða kostnað þennan eftir tegund. 3.645.737 krónur hafi farið í efniskaup almennt, 3.120.181 krónur hafi runnið til efniskaupa til uppsetningar, 559.500 krónur til hönnunar og 13.644.041 til vinnu við uppsetningu.

Krafa vegna rýrnaðs virðis eignar tengist ýmsum göllum á eigninni sem ekki svari kostnaði að gera við en feli í sér ótvíræða lækkun á virði hennar. Um sé að ræða galla þar sem stálgrind og uppsetning hennar hafi leitt til þess að iðnaðarbilin reyndust misstór með þeim afleiðingum að söluverð þeirra lækkaði. Þá hafi salerni og ræstingaherbergi verið í ósamræmi við teikningar og stærðir mismunandi, einnig með þeim afleiðingum að söluverð lækkaði. Af þessu öllu hafi leitt að stefndi hafi þurft að gefa afslátt við sölu iðnaðarbila sem hafi numið samtals 10.956.500 krónum, sem sundurliðist svo: 2.876.500 krónur vegna bils 112, 2.000.000 krónur vegna bils 102, 2.300.000 krónur vegna bils nr. 103, 1.000.000 krónur vegna bils 105, 1.780.000 krónur vegna bils 107 og 1.000.000 krónur vegna bils 108.

Gerð er krafa um að gagnkröfur stefnanda beri dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 10. júlí 2019, riftunardegi samnings VRG við Yabimo-félögin, til greiðsludags. Verði fallist á gagnkröfur beri að sýkna af kröfum stefnanda.

Að lokum mótmæli stefndi fjárhæð og tölulegum forsendum kröfu stefnanda. Því er sérstaklega mótmælt að stefnandi geti haft uppi kröfu á stefnda í erlendri mynt og krafist dráttarvaxta samkvæmt pólskum lögum. Efni pólskra laga um vexti sé mótmælt sem ósönnuðu. Vaxtakröfu stefnanda og upphafsdegi dráttarvaxta er að öðru leyti mótmælt.

3. Helstu málsástæður og lagarök stefnda, GF-4 ehf.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og byggir þær kröfur á eftirfarandi málsástæðum.

Í fyrsta lagi á því að sér sé ranglega stefnt í þessu máli. Ekkert samningssamband sé á milli stefnda og Yabimo-félaganna. Samningar um kaup á efni af pólska félaginu og

stefnanda séu gerðir af framangreindum aðilum við VRG sem beri ábyrgð á þeim gagnvart Yabimo-félögunum sem aðalverktaki, en ekki stefndi.

Þannig byggir stefndi á því að VRG hafi verið aðalverktaki við byggingu hússins að Gylfaflöt 4 en stefndi hafi verið verkkaupi. Réttarsamband VRG og stefnda hafi verið óformlegt en stefndi hafi falið VRG ýmsa verkþætti við byggingu hússins. VRG hafi gefið út reikninga á stefnda eftir því sem um var samið og stefndi greitt þá alla og eigi VRG engar frekari kröfur. Réttarsamband aðalverktaka við Yabimo-félögin sem undirverktaka sem og aðra birgja hafi verið stefnda óviðkomandi. Þegar af þessari ástæðu beri að sýkna hann af öllum kröfum í málinu vegna aðildarskorts. Yabimo-félögin geti ekki farið í gegnum VRG, sem nú er þrotabú, og byggt á því að það sé beint samband við stefnda. Það sé einfaldlega ekkert réttarsamband þar á milli.

Í öðru lagi byggir stefndi á því að aldrei hafi verið samið um ábyrgðir stefnda á skuldbindingum VRG við Yabimo-félögin. Um sé að ræða tvo aðskilda lögaðila með takmarkaða ábyrgð. Beri stefndi enga sjálfskuldarábyrgð gagnvart Yabimo-félögunum. Fyrir hafi legið að stefndi og meðstefndi myndu skipta reikningum fyrir byggingu fasteignanna sín á milli. Þannig hafi hlutar hvorrar fasteignar fyrir sig átt að vera nýttir með mismunandi hætti og kostnaði vegna hvors hluta um sig átt að skipta með einhverjum hætti. Stefnandi hafi höfðað mál þetta til hagsbóta þrotabúi VRG, sem sé sami aðili og var í beinu samningssambandi við Yabimo-félögin. Þá sé bent á það að VRG hafði áður rift samningum sínum við stefnanda og pólska félagið vegna verulegra vanefnda þeirra á samningsskyldum.

Í þriðja lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því að þrotabú VRG eigi engar kröfur á hendur stefnda og því síður að stefnandi og pólska félagið eigi kröfur á hendur stefnda. Þannig sé engin skuld stefnda gagnvart þrotabúi VRG til staðar eins og stefnandi byggir á í aðalkröfu sinni. VRG hafi engar tilraunir gert til að innheimta kröfur á hendur stefnda og skiptastjóri VRG hafi enga ástæðu séð til að sækja meintar kröfur enda hvorki fyrir hendi samkvæmt útgefnum reikningum né bókhaldi. Eins og rakið sé í málavaxtalýsingu hafi samningum VRG við stefnanda og pólska félagið verið rift þann 10. júlí 2019. Undanfari þeirrar riftunar hafi verið samningaviðræður VRG við fulltrúa Yabimo-félaganna um þá stöðu sem upp var komin í byggingu fasteignanna að Gylfaflöt 2 og 4 og höfðu aðilar ekki náð saman um það hvernig ætti að leysa úr miklum vanefndum Yabimo-félaganna á samningsskuldbindingum þeirra.

Í fjórða lagi sé þeim málsástæðum stefnanda mótmælt að Yabimo-félögin hafi ekkert haft um hönnun fasteignanna að segja. Rétt sé að Víðsjá hafði unnið burðarþols- og álagsteikningar ásamt því að Úti – Inni Arkitektar höfðu unnið grunnteikningar að fasteignunum. Út frá þeim forsendum hafi Yabimo-félögin skilað inn tilboði þar sem sett var fram tillaga að hönnun ásamt verðtilboði sem VRG hafi tekið.

Stefnandi og pólska félagið hafi gert tillögu að hönnun stálgrindarhúss. Í ljós hafi komið að þær tillögur væru hvorki í samræmi við þær burðarþols- og álags-teikningar sem gerðar höfðu verið né hönnunarforsendur frá Víðsjá. Virðist sem stefnandi og pólska félagið hafi farið af stað á röngum forsendum og á grundvelli ósamþykktra teikninga. Það virðist vera undirrótin að hinu miklu töfum og framúrkeyrslu á stálmagni er sé grundvöllur krafna í málinu.

Vegna þessa treysti Víðsjá, sem skráð var sem hönnuður fasteignanna, sér ekki til þess að skrifa undir hönnun, teikningar og útreikninga Yabimo-félaganna fyrr en eftir talsverðar viðræður og ábendingar Víðsjár til pólska félagsins um að hönnunin á stálgrindarhúsinu stæðist ekki íslenskar kröfur. Niðurstaða Víðsjár hafi verið sú að hönnun Yabimo-félaganna á stálgrindinni stæðist ekki kröfur um burð og snjó- og vindálag miðað við íslenskar aðstæður. Þá hafði pólska félagið þegar hafið hönnun á stálgrindarhúsinu og hafi sú stálgrind sem barst hingað til lands verið framleidd samkvæmt þessum gölluðu teikningum Yabimo-félaganna þrátt fyrir að þeim hefði verið bent á að þær stæðust ekki íslenskar kröfur. Stálgrindin hafi verið framleidd af pólska félaginu eða í öllu falli framleidd með atbeina og samkvæmt forskrift pólska félagsins og án aðkomu VRG eða stefnda.

Í *fimmta lagi* byggir stefndi á því að verulegar vanefndir stefnanda og pólska félagsins hafi haft í för með sér tafir á afhendingu efnis og uppsetningu fasteignanna með auknum kostnaði og því bæði beinu og afleiddu tjóni stefnda þar sem aðalverktaki gat þá ekki staðið við sína afhendingu. Stefndi byggir á því að sú fasteign sem stefnandi hafi átt að skila af sér hafi ekki verið í samræmi við það sem lagt var upp með. Stálmagn hafi aukist svo verulega að magn stáls hafi verið úr öllu samræmi við það sem eðlilegt gat talist, jafnvel þótt tekið væri tillit til einhverra fráviks, sem fulltrúi stefnanda og pólska félagið viðurkenndu að gæti verið um 10% í svona verkum. Þetta hafi aukið kostnað við verkið alveg gríðarlega enda hafi stálmagn aukist um 65% umfram það sem pólska félagið og stefnandi höfðu lagt upp með í verkefninu. Þá hafi verið miklar tafir á afhendingu efnis og það ekki sent í einni sendingu frá Póllandi til Íslands eins og lagt var upp með heldur í fjölmörgum sendingum frá pólska félaginu án þess að samráð væri haft um það við VRG og gegn þeirri forsendu sem var samningur VRG við Eimskip um flutning efnisins frá Póllandi til Íslands á hagstæðum kjörum. Þrátt fyrir þetta hafi efni farið að berast með gámum frá Samskipi með atbeina pólska félagsins. Þannig byggir stefndi á því að hann hafi staðið skil á öllum greiðslum sem honum bar gagnvart VRG vegna byggingar fasteignarinnar að Gylfaflöt 4. Fyrir liggir að stefndu greiddu að fullu samningsverð samkvæmt samningunum til VRG sem síðan greiddi stefnandi og pólska félaginu. Þrátt fyrir að hafa staðið að fullu skil á greiðslu samningsverðs til VRG hafi fasteignin verið ókláruð, komin langt fram úr áætlun og fyrirséð að kosta þyrfti til verulegum fjármunum til að klára byggingu fasteignanna og lagfæra það sem þyrfti til

að koma þeim í nothæft og umsamið ástand. Uppsetning fasteignanna, sem átti að taka 15 vikur, hafi dregist svo úr hófi vegna ástæðna sem rekja megi til Yabimo-félaganna en ekki VRG eða stefnda. Á þessum tímapunkti, þ.e. á vormánuðum 2019, hafi verið ljóst að stefndi gæti ekki haldið áfram að greiða VRG enda hafði stefndi staðið við allar sínar skuldbindingar gagnvart VRG án þess að fá afhenta nothæfa og tilbúna fasteign eins og um hafði verið samið.

Í sjötta lagi byggir stefndi á því að öllum fullyrðingum um að Yabimo-félögunum hafi verið ókunnugt um að VRG hefði ekki verið eigandi fasteignanna sé mótmælt sem haldlausum. Þetta hafi verið vitað frá fyrsta degi enda hafi það verið upplegg fulltrúa Yabimo-félaganna að samningsaðili þeirra væri eitt félag, VRG, en ekki stefndi GF-4 ehf. og meðstefndi Gylfaflöt 2 ehf. Samkvæmt opinberri skráningu í þinglýsingabók sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu hafi einnig legið skýrt fyrir frá fyrsta degi að svo væri ekki. Þá hafi þetta fyrirkomulag einnig verið sett upp í þeim tilgangi að einfalda reikningagerð Yabimo-félaganna og að þeirra kröfu.

Í sjöunda lagi byggir stefndi á því að riftun VRG á samningum við Yabimo-félögin hafi átt fullan rétt á sér. Þrátt fyrir fullyrðingar um annað í stefnu liggi fyrir að VRG hafi ítrekað útskýrt ástæður þess að samningunum var rift. Þannig hafi tafir verið orðnar verulegar, kostnaður kominn langt fram úr því sem um var samið og fasteignirnar haldnar verulegum ágöllum. Eins og rakið sé í málavaxtalýsingu hafi veggir verið á röngum stöðum og ekki í samræmi við teikningar, stigar ekki í samræmi við kröfur, leki hafi verið í fasteign stefnda og fyrirséð að verulegra úrbóta væri þörf til að hún væri yfirhöfuð nothæf. Þá hafi stefnandi engar skýringar veitt á því að ítrekaðar tafir voru á verkinu vegna þess að engin mannskapur á hans vegum var á verkstað til að sinna framkvæmdum. Erfitt hafi verið að ná í verkstjóra til að fá skýringar og því hafi verkið tafist verulega.

Stefndi telur að helstu gallar hafi verið eftirfarandi og að ekki sé um tæmandi talningu að ræða:

Hönnun pólska félagsins á stálvirki hafi verið í ósamræmi við íslenska staðla. Hafin hafi verið framleiðsla stálgrinda þrátt fyrir að félaginu hefði verið gert ljóst að hönnunin væri ekki í samræmi við staðla og þurfti því að lagfæra það eftir að framleiðsla var hafin án vitneskju stefnda eða VRG.

Burður í þaki hafi verið ófullnægjandi og fjölga hafi þurft sperrum í lofti um helming. Af þessu hafi leitt að setja þurfti þverbönd í loft og skipta út burðarbitum í þaki og veggjum. Ef réttilega hefði verið staðið að hönnun og uppsetningu hefði þess ekki þurft. Af þessu leiddi að fasteignin stóð opin svo mánuðum skipti um vetur og málaðir stálbitar ryðguðu.

Mála hafi þurft yfir ryð með öðrum lit og sé af þessu talsvert útlitslýti. Þá sé eftir töluvert ryð sem ekki hafi verið málað yfir.

Hönnun stálvirkis vegna vindálags hafi verið röng og þurft að gera ráðstafanir meðan á verkinu stóð til að lagfæra það. Þá hafi þurft að breyta mænissamsetningum og styrkja þar sem upphafleg hönnun pólska félagsins stóðst ekki uppgefið snjóálag. Þykkja hafi þurft stálgrind að innanverðu vegna rangrar hönnunar Yabimo-félaganna. Af þessu hafi leitt talsverða skerðingu á notagildi enda hafi þurft að þykkja stálgrindina langt umfram það sem eðlilegt gat talist. Allir gluggar og hurðir hafi verið sett í með frauði og ekki settar þéttipulsur eða kíttri. Lokað hafi verið yfir með frágangsflasningum. Af þessu hafi leitt að það blés með fram öllum hurðum og gluggum og ráðast þurfti í kostnaðarsamar ráðstafanir til að bæta úr þessu. Frágangur og hönnun þaks við mæni hafi verið algjörlega ófullnægjandi. Af þessu hafi leitt leka og taka þurfti kjölinn af og bræða dúk til að bæta úr. Hönnun festinga og þéttinga með þakgluggum hafi verið í ólagi. Margsinnis hafi þurft að fara með þéttiefni til að þétta með gluggum. Þrátt fyrir það leki enn með þakgluggum þegar rigni. Ekki hafi náðst að ráða bót á þeim leka og fyrirséð sé að mikill kostnaður muni falla til þegar ráðist verði í lagfæringar á þessu. Burður á milligólfi í verslun hafi verið verulega vanreiknaður og þurft að skera niður þá bita sem búið var að setja upp og sjóða burðarmeiri bita til að auka burð á milligólfi. Af þessu sé mikið útlitslýti sem sé verulegur ágalli á fasteigninni. Skrúfur í klæðningu hittu ekki alls staðar á burðarbita í fasteigninni og standi því í gegnum klæðningu inn í húsið. Þá hafi ekki öll samskeyti á klæðningu fasteignarinnar hitt á súlur og því sjáist samskeyti víða að innanverðu. Úr þessu hafi verið bætt með uppsetningu flasninga og hafi það verið gert með töluverðum kostnaði. Skipta hafi þurft um burðarvirki undir glugga við inngang í verslun fasteignarinnar. Skera hafi þurft úr veggeiningum sem þegar voru komnar upp og þeim síðan lokað með flasningum. Þetta sjáist vel og sé mikið lýti á útliti fasteignarinnar að innanverðu. Við uppsetningu hafi notkun slípirokks nálægt klæðningu fasteignarinnar leitt til skemmda víða á klæðningu. Þar hafi ryð byrjað að myndast víða og sjáist það vel. Hringstigar hafi ekki staðist íslenskar reglugerðir með tilliti til fallhættu og hafi þurft að breyta þeim með miklum kostnaði. Brunapéttingar milli bila hafi verið ófrágengnar og ræstingar og salerni ekki rétt framleidd. Hafi þetta leitt af sér talverðan viðbótarkostnað vegna lagfæringa.

Í áttunda lagi sé þeirri málsástæðu stefnanda að með riftun samninganna sé lýst „ólögmætri tilraun VRG og stefndu til það koma sér undan greiðslum, eftir að húsið hafði verið byggt fyrir þá og það með efni, sem eingöngu hefur verið greitt fyrir að hluta“, alfarið hafnað sem rangri. Stefndi hafi að öllu leyti staðið við sínar skuldbindingar gagnvart VRG og fráleitt að tala um að verið sé að reyna að koma sér undan greiðslum.

Ekki sé hægt að fallast á málsástæður stefnanda um það að af því að reikningarnir sem um ræðir í máli þessu hafi verið gefnir út áður en riftun var lýst yfir verði að greiða þá. Fyrir utan það augljósa, að stefndi skuldi ekki reikningana og hafi ekki verið aðili að samningum við Yabimo-félögin, bendir stefndi á að á þeim tíma þegar reikningarnir sem

mál þetta byggist á voru gefnir út hafi kostnaður verið kominn langt umfram það sem lagt var upp með og samið um milli VRG og Yabimo-félaganna. Þá hafi tafir verið úr öllu hófi og án þess að haldbærar skýringar hafi verið veittar. Stefndi byggir á því að VRG hafi uppfyllt allar skuldbindingar sínar gagnvart Yabimo-félögunum og að stefndi hafi staðið skil á öllum skuldbindingum sínum gagnvart VRG.

Augljóst sé að Yabimo-félögin hafi ekki getað gefið endalaust út reikninga til aðalverktaka og ætlast til þess að þeir yrðu greiddir þegar búið var að greiða samningsverð að fullu á sama tíma og stefndu hafi orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni vegna vanefnda.

Tilvísanir til meginreglna samningaréttar hafi enga þýðingu í þessum efnum og styðji í engu málatilbúnað stefnanda. Meginatriði málsins lúti að því að Yabimo-félögin hafi samið við VRG um að afhenda tiltekið efni og setja upp fullbúið stálgrindarhús sem uppfyllti íslensk lög og reglur fyrir tiltekið verð og innan tiltekins tíma. Við þetta hafi ekki verið staðið af hálfu Yabimo-félaganna og raunar langt frá því. Því sé tilvísunum stefnanda til þess að greiðsluskylda VRG samkvæmt framangreindum samningum sé skýr og ótvíræð algjörlega hafnað. Einnig bendir stefndi á að aldrei hafi verið leyst úr efnislegum ágreiningi milli VRG og Yabimo-félaganna um réttmæti hinna umþrættu reikninga.

Í níunda lagi byggir stefndi á því að skiptastjóri þrotabús VRG hefði aldrei átt að samþykkja kröfu stefnanda og pólska félagsins í þrotabú VRG. Stefndi byggir á því að þær kröfur hafi verið samþykktar án allrar efnislegrar skoðunar og einfaldlega fallist á að þar sem reikningar væru fyrir hendi bæri að samþykkja kröfurnar sem almennar kröfur óháð þeim mótmælum sem höfðu verið höfð uppi gegn þeim í ágreiningsferli. Engar forsendur hafi verið fyrir því að samþykkja þessar kröfur við þær aðstæður sem uppi voru þar sem VRG hafði ítrekað mótmælt umkröfðum reikningum sem efnislega röngum og órökstuddum.

Fyrir hafi legið að samningum þeim sem kröfur stefnanda og pólska félagsins byggjast á hafði verið rift. Verulegur ágreiningur hafi verið um greiðsluskyldu og hvort þessar kröfur ættu rétt á sér og byggir stefndi á því að þær hafi ekki átt neinn rétt á sér. Þá hafi verið verulegir ágallar á fasteigninni og stefndi þurft að leggja út verulega fjármuni til að koma henni í nothæft ástand og orðið fyrir verulegu tjóni vegna tafa á afhendingu hennar.

Í tíunda lagi byggir stefndi á því að engar forsendur séu fyrir því að fallast eigi á varakröfu stefnanda. Ekki hafi verið um neina gjöf að ræða frá VRG til stefnda í skilningi 131. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991. Hlutverk VRG hafi verið sambærilegt og aðalverktaka. Þá hafi fyrirkomulagi við greiðslu reikninga verið lýst hér að framan. Stefndi byggir á því að ekkert skilyrði gjafahugtaks 131. gr. laga um gjaldþrotaskipti sé uppfyllt. Þannig sé ekki um það að ræða að eignir VRG hafi rýrnað, engin auðgun hafi

orðið af hálfu stefnda, heldur þvert á móti hafi stefndi orðið fyrir tugmilljóna króna tapi vegna vanefnda Yabimo-félaganna. Þá hafi VRG rift samningum á grundvelli vanefnda. Stefndi hafði einnig staðið skil á öllum þeim greiðslum sem VRG hafði gert reikning fyrir í samræmi við samningsverð í samningum VRG við stefnanda og pólska félagið. Stefndi hafði og hafi því staðið skil á öllum þeim greiðslum sem honum bar til VRG. Þá sé ekki fyrir hendi neinn tilgangur eða ætlun VRG til þess að gefa. Þá byggir stefndi einnig á því að 2. mgr. 131. gr. laga um gjaldþrotaskipti eigi ekki við þar sem stefndi sé ekki og geti ekki talist nákominn aðili í skilningi þess ákvæðis. Engin stjórnunarleg tengsl séu á milli VRG og stefnda. Þá hafi stefndi ekki verið hluthafi VRG eða í neinum öðrum tengslum við það félag sem geti leitt til þess að stefndi GF-4 ehf. teljist vera nákominn aðili. Raunar byggir stefndi á því að ekkert skilyrða 1.–6. tl. 3. mgr. laga um gjaldþrotaskipti eigi við í tilviki stefnda eða um hluthafa hans eða stjórnendur. Þá sé því hafnað sem röngu sem komi fram í stefnu, að það hafi verið „samantekin ráð að stofna VRG sérstaklega í þeim eina tilgangi að halda utanum samninga við stefnanda og pólska félagið“. Þetta sé alrangt og vísast til þess sem fram hefur komið hér að framan varðandi aðkomu VRG og að engin eigna- eða stjórnunarleg tengsl séu eða hafi verið á milli stefnda GF-4 ehf. og VRG. Þá komi fram í opinberum gögnum að VRG var stofnað árið 2009 – eða níu árum áður en samningar um byggingu húsanna voru undirritaðir. Þá byggir stefndi á því að 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti eigi ekki heldur við. Vísast þar til þess að ekkert skilyrða ákvæðisins sé uppfyllt að því er snýr að stefnda. Þannig sé hvorki um að ræða ráðstafanir sem séu ótilhlýðilegar né til hagsbóta stefnda. Þá hafi þetta ekki í för með sér að eignir þrotabús VRG verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða að skuldaaukning hafi átt sér stað sem valdið hafi kröfuhöfum þrotabús VRG tjóni. Fjárhæð og kröfum stefnanda sé mótmælt og sérstaklega mótmælt að stefnandi geti haft uppi kröfu á stefnda í erlendri mynt og krafist dráttarvaxta samkvæmt pólskum lögum. Vaxtakröfu stefnanda og upphafsdegi dráttarvaxta er jafnframt mótmælt.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnda um sýknu gerir stefndi kröfu til vara um verulega lækkun krafna stefnanda sem settar séu fram til hagsbóta fyrir þrotabú VRG. Þá byggir stefndi á því að hann eigi óuppgerðar fjárkröfur á VRG vegna þess tjóns sem stefndi varð fyrir vegna vanefnda Yabimo-félaganna gagnvart VRG.

Kröfur stefnda á VRG séu samtals að fjárhæð 59.978.369 krónur og sundurliðist með eftirfarandi hætti: (i) krafa vegna afhendingardráttar kr. 29.953.440, (ii) krafa vegna kostnaðar við að ljúka framkvæmdum kr. 8.348.693, (iii) krafa vegna rýrnunar á söluverði eignarinnar kr. 9.279.101, og (iv) krafa vegna viðgerða sem hafa verið framkvæmdar eða þarf að framkvæma vegna galla á fasteigninni kr. 12.372.135.

Um kröfulið (i). Stefndi hafi látið reisa fasteignina til eigin afnota og orðið fyrir verulegum aukakostnaði við leigu á öðru húsnæði undir starfsemi sína vegna verulegs dráttar á afhendingu frá upphaflega sömdum afhendingardegi. Um kröfulið (ii). Krafa

vegna þessa byggist á því að óumdeilt er að Yabimo-félögin gengu frá ókláruðu verki. Vegna þessa hafi stefndi orðið fyrir verulegum kostnaði við að ljúka smíði og frágangi hússins. Fyrir liggi reikningar vegna útgjalda stefnda vegna þessa. Um kröfulið (iii). Krafa vegna þessa tengist því að verulegir ágallar séu á fasteigninni sem erfitt sé og/eða svari ekki kostnaði að láta gera við og rýri það söluverð fasteignarinnar til framtíðar. Undir rekstri málsins áskilji stefndi sér rétt til að dómkveðja matsmenn til að meta þá galla sem á fasteigninni eru og rýrnun á söluverðmæti eignarinnar vegna þessa. Um kröfulið (iv). Krafa vegna þessa byggist á kostnaði við að gera við þá galla sem á fasteigninni eru og eru að hluta til reifaðir í kaflanum hér að framan. Stefndi áskilji sér rétt undir rekstri málsins til að dómkveðja matsmenn til að meta þá galla sem á fasteigninni eru og kostnað við viðgerðir á þeim.

Verði ekki fallist á kröfur stefnda vegna ofangreinds að því leyti sem byggt er á þeim varðandi fjárhæðir eins og þeim er lýst hér að framan er byggt á því að ákvarða skuli stefnda bætur eða afslátt að álitum.

IV

1.

Í hnotskurn lýtur ágreiningur máls þessa að því hvort stefndu beri að greiða ógreiddar reikningskröfur stefnanda og Yabimo Services SP. Z o.o. Sp. K. (Yabimo Services/pólska félagið) á hendur þrotabúi Eignarhaldsfélagsins VRG ehf. (VRG ehf.) Krafan er um greiðslur fyrir afhendingu á stáli, uppsetningu o.fl. sem VRG ehf. keypti af stefnanda og Yabimo Services. Nánar tiltekið, tók VRG ehf. við lóðunum þegar búið var að reisa sökkla, og sá um að reisa húsin tvö og átti að skila þeim tilbúnum að utan og án allra lagna og rafmagns til stefndu. Ágreiningslaust er að VRG ehf. hafi ráðstafað hinu keypta til stefndu vegna byggingar tveggja stálgrindarhúsa að Gylfaflöt 2 og 4 í Reykjavík.

Reikningar þeir sem stefnandi krefur stefndu um greiðslu á voru gefnir út á hendur VRG ehf. á grundvelli tveggja samninga. Annars vegar var um að ræða samning á milli stefnanda og VRG ehf. og hins vegar á milli pólska félagsins, Yabimo Services, og VRG ehf. Reikningar gefnir út af Yabimo Services voru vegna afhendingar á stáli í fyrrgreind stálgrindarhús en reikningar gefnir út af stefnanda voru vegna vinnu við uppsetningu á stálgrindarhúsunum.

2.

Eignarhaldsfélagið VRG ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 17. mars 2020. Skiptafundur var haldinn í búinu 3. júlí 2020 þar sem skiptastjóri samþykkti höfuðstól lýstra krafna stefnanda og Yabimo Services á hendur VRG ehf., en þó ekki kröfur um greiðslu dráttarvaxta. Samkvæmt skýrslu skiptastjóra var VRG ehf. eignarhaldsfélag stofnað utan

um byggingu stálgrindarhúsanna að Gylfaflöt 2 og 4. Segir að fyrirkomulagið á milli VRG ehf. og hinna stefndu félaga hafi verið með þeim hætti að VRG ehf. keypti vörur og þjónustu af þriðju aðilum vegna framkvæmdarinnar, þ. á m. af stefnanda og Yabimo Services, en fjármögnun þeirra vöru- og þjónustukaupa hafi verið þannig háttáð að VRG ehf. gerði samsvarandi reikninga og bærust honum frá Yabimo-félögunum á hendur eigendum lóðanna, GF-4 ehf. og Gylfaflöt 2 ehf., og kom greiðslum vegna þeirra áleiðis til seljenda, þ.e. stefnanda og Yabimo Services. VRG ehf. kom þannig fram sem samningsaðili gagnvart stefnanda og Yabimo Services.

3.

Mál þetta hefur stefnandi sem fyrr segir höfðað til innheimtu á meintum vangreiddum reikningum sem stefnandi og Yabimo Services telja að þrotabú Eignarhaldsfélagsins VRG ehf. eigi ógreidda hjá stefndu vegna efnis og vinnu við uppsetningu umræddra stálgrindarhúsa að Gylfaflöt 2 og 4 í Reykjavík. Að baki viðskiptunum lágu tveir samningar annars vegar á milli stefnanda og VRG ehf. og hins vegar á milli Yabimo Services og VRG ehf. Eru báðir samningarnir undirritaðir 16. apríl 2018. Eins og gögn málsins bera með sér og skýrslur aðila og vitna fyrir dóminum þá áttu sér stað margvísleg samskipti á milli málsaðila á verk tímanum þar sem svo virðist sem vikið hafi verið frá upphaflegum samningum aðila við framkvæmd verksins.

Í stefnu málsins er að takmörkuðu leyti lýst þessum samskiptum. Þess í stað hefur verið lagður fram fjöldi tölvuskeyta sem farið hafa á milli aðila án þess að gerð sér frekari grein fyrir því sem þar fór á milli og hvaða ályktanir megi draga af þeim samskiptum. Þá er í stefnu ekki með viðhlítandi hætti gerð grein fyrir þeim tveimur samningum sem gerðir voru á ensku og liggja til grundvallar viðskiptum aðila, með hvaða hætti var vikið frá þeim meðan á verkframkvæmdum stóð eða aðra þýðingu þeirra fyrir úrslit málsins. Skiptir máli í því sambandi að því sé lýst með nákvæmum hætti um hvað var samið og með hvaða skilmálum. Er málatilbúnaður stefnanda ekki að öllu leyti í samræmi við meginregluna um skýran og glöggan málatilbúnað, enda ber stefnanda að gera með viðhlítandi hætti grein fyrir öllum atvikum og málsástæðum í stefnu. Þrátt fyrir þessa annmarka á málatilbúnaði stefnanda, telur dómurinn ekki nægilegt tilefni til þess að vísa málinu frá dóminum án kröfu.

4.

Mál þetta er höfðað til hagsbóta fyrir þrotabú VRG ehf., aðallega til greiðslu skuldar en til vara riftunar ráðstafana og til endurgreiðslu fjárhæða. Er aðalkrafan sú að stefndu verði sameiginlega dæmdir til að greiða þrotabúi VRG ehf. 557.770 evrur með dráttarvöxtum eins og nánari greinir í stefnu. Er málshöfðun um formhlið málsins grundvölluð á yfirlýsingu stefnanda á skiptafundi 3. júlí 2020 þar sem lögmaður

stefnanda lýsti því að hann teldi að þrotabú VRG ehf. ætti kröfur á stefndu og að skiptastjóri hefði samþykkt að stefnandi héldi uppi viðkomandi hagsmunum í eigin nafni og myndi sjálfur bera kostnað og áhættu af aðgerðum sínum, sbr. 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skiptastjóri gerði ekki athugasemdir við þá fyrirætlun.

Með vísan til framangreinds hefur stefnandi höfðað mál þetta til hagsbóta fyrir þrotabú Eignarhaldsfélagsins VRG ehf. Tekur málið bæði til ætlaðra krafna stefnanda og Yabimo Services. Í ljósi þessa telst stefnandi réttur aðili að máli þessu.

5.

Eins og að framan greinir var VRG ehf. viðsemjandi stefnanda sem og Yabimo Services. Þessi þrjú félög voru því aðilar að umræddum viðskiptum. Það fyrirkomulag var síðan viðhaft að VRG ehf. var samningsaðili gagnvart stefndu. Hefur ekki verið sýnt fram á annað í málinu en að um raunverulega samninga hafi verið að ræða á milli VRG ehf. og stefndu sem framkvæmdir hafi verið eftir aðalefni þeirra. Af þessu leiðir að Yabimo Services og stefnandi eru ekki samningsaðilar gagnvart stefndu, heldur byggja þeir rétt á ætluðum kröfum þrotabús VRG ehf. gagnvart stefndu. Því teljast stefndu sem viðsemjendur þrotabús VRG ehf. réttir aðilar málsins. Er málsástæðum stefndu um sýknu á grundvelli aðildarskorts því hafnað.

6.

Umrætt fyrirkomulag, sem lýst hefur verið hér að framan, leiðir til þess að VRG ehf. var bundið við þá samninga sem gerðir voru þann 16. apríl 2018 við Yabimo-félögin. Hins vegar liggur ekkert fyrir um það í málinu að sambærilegt samkomulag hafi verið á milli VRG ehf. og stefndu um þá greiðslutilhögun og fleiri atriði sem samningarnir gerðu ráð fyrir. Af þessu leiðir að telja verður ósannað að stefndu hafi verið samningsbundnir gagnvart VRG ehf. með sama hætti og VRG ehf. var gagnvart Yabimo-félögunum.

Þó má ganga út frá því að stefndu hafi borið gagnvart VRG ehf. að fjármagna verkið eftir því sem réttar kröfur bárust.

7.

Víkur þá að þeim kröfum sem stefnandi og Yabimo Services telja að þrotabú Eignarhaldsfélagsins VRG ehf. eigi ógreiddar hjá stefndu vegna efnis og vinnu við uppsetningu umræddra stálgrindarhúsa að Gylfaflöt 2 og 4 í Reykjavík. Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefndu á meginreglu samninga- og kröfuréttar um skyldu til að efna samninga og um greiðslu reikningskrafna.

Stefnandi, Yabimo ehf., telur sig eiga ógreidda 5 reikninga, sem gefnir voru út á hendur VRG ehf., vegna uppsetningar stálgrindarhúsanna á tímabilinu 30. september 2018 til 2. júlí 2019, og að ógreiddar eftirstöðvar þeirra nemi 393.737,66 evrum

samkvæmt því sem tilgreint er í stefnu. Á yfirliti um reikninga sem tekið var saman af stefnanda eru eftirstöðvar á hinn bóginn taldar nema 338.259,7 evrum.

Þá telur stefnandi að ógreiddir séu 13 reikningar fyrir stál sem gefnir voru út af Yabimo Services á hendur VRG ehf. á tímabilinu 19. janúar 2019 til 10. maí 2019, samtals að fjárhæð 164.033,95 evrur. Heildarskuld stefndu sé samtala þessara fjárhæða eða 557.770 evrur er sé stefnufjárhæð samkvæmt aðalkröfu stefnanda. Telur stefnandi að verðmæti efnisins og vinnu sem afhent var VRG ehf. og þaðan til stefndu samsvari fjárhæð hinna ógreidda reikninga. Stefndu hafi þannig fengið efni og vinnu afhenta frá VRG ehf. án þessa að inna af hendi samsvarandi greiðslur til þrotabús VRG ehf.

8.

Stefndu mótmæla hvor fyrir sig fjárhæð og lögmæti reikninganna sem stafa frá viðskiptum við Yabimo Services á þeim grundvelli að Yabimo Services hafi vanefnt samningsskuldbindingar sínar gagnvart VRG ehf. Er m.a. á því byggt að hönnun stálgrindar af hálfu félagsins hafi ekki verið í samræmi við teikningar, óljóst sé hversu mikið efni hafi farið í framleiðsluna og hún hafi auk þess tafist og valdið stefndu tjóni.

Samtals hafi greiðslur VRG ehf. til Yabimo Services numið 964.819,82 evrum í október 2018, er sé rúmlega heildarfjárhæð alls þess sem samið var um við Yabimo Services um afhendingu á stáli. Heildarfjárhæðin samkvæmt samningi hafi verið áætluð 932.709,71 evrur, sbr. viðauka 3 með samningi aðila, dags. 16. apríl 2018. Á árinu 2019 hafi Yabimo Services síðan haldið áfram að senda reikninga og hafi stefndu greitt 33.388,98 evrur til viðbótar. Þannig að samtals hafi stefndu greitt 998.208,80 evrur fyrir stálið.

Varðandi viðskiptin við Yabimo Services telja stefndu að Yabimo Services beri alla ábyrgð á áætluðum magntölum í verkið, auk þess sem aukið magn efnis hafi verið notað til að bæta úr ýmsum göllum sem upp komu á verkinu. Skýrt komi fram í ákvæði 3.2 í samningi félagsins við VRG ehf. að engar breytingar skuli gera á efni og þjónustu nema með skriflegum viðbótarsamningi undirrituðum af viðskiptavini. Taka stefndu fram að engir viðbótarsamningar hafi verið gerðir á milli VRG ehf. og Yabimo Services. Telja stefndu ósannaðar fullyrðingar Yabimo Services um það magn efnis sem félagið telji sig hafa afhent, auk þess sem afhent hafi verið efni sem engum tilgangi þjónaði. Þá hafi verið óréttmætar tafir á afhendingu sem hafi leitt til þess að húsin voru ekki fullbúin í síðari hluta nóvember 2018 eins og samið hafi verið um.

Varðandi viðskiptin við stefnanda benda stefndu á að samkvæmt samningi stefnanda, Yabimo ehf. og VRG ehf. átti stefnandi að fá greiddar samtals 636,022,00 evrur fyrir uppsetningu stálgrindarhúsanna. VRG ehf. hafi greitt stefnanda, 386.974,27 evrur fyrir uppsetninguna allt fram í mars 2019. Dómkrafa stefnanda vegna uppsetningarinnar hljóði upp á 393.737,66 evrur. Samtals sé því gerð krafa um greiðslu

780.071.19 evra fyrir uppsetninguna. Krafa stefnanda, Yabimo ehf., sé því um 150.000 evrum hærri en upphaflega var samið um. Er kröfunni einnig mótmælt sem ósannaðri.

9.

Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi óskuðu stefndu eftir því að dómkvaddir yrðu tveir matsmenn til þess að leggja mat á stálmagn sem farið hefði í byggingarnar og einnig margvíslega ætlaða galla á byggingunum sem stefndu töldu að komið hefðu í ljós. Að því er varðar Yabimo Services voru niðurstöður matsmanna varðandi heildarstálmagn þær að stálmagnið í báðar byggingarnar að Gylfaflöt 2 og 4 hafi verið 289.310 kg. Matsmenn mældu heildarmagn stáls sem er í byggingunum en þeir lögðu á hinn bóginn ekki mat á verðmætið með tilliti til þess að í byggingunum er mismunandi stál sem skiptist í 6 mismunandi verðflokka. Þá töldu matsmenn að hægt hefði verið að minnka stálmagn umtalsvert þegar húsin voru í hönnun og að útreikningar matsmanna sýni litla nýtni á stálinu.

Samkvæmt framangreindu veitir matsgerðin ekki fullnægjandi svör við tegund og verðmæti einstakra stáleininga sem fóru í húsin, heldur aðeins áætlaða heildarþyngd af stáli sem er í þeim í dag. Samkvæmt gögnum málsins var búið að greiða fyrir meira magn af stáli en áætlað hafði verið í samningi aðila. Hafði pólska félaginu verið greitt fyrir 258.917 kg., en samkvæmt samningi aðila var áætlað stálmagn 209.585 kg, sbr. viðauka 3 með samningnum.

Stefndu hafna kröfum stefnanda um viðbótargreiðslur þar sem ekki hafi verið samið um þær eins og samningur VRG ehf. við pólska félagið kvað á um að gera bæri ef gerðar yrðu breytingar og viðbætur á samningi aðila, sbr. grein 3.2 í samningi aðila. Samkvæmt samningi aðila var hönnun stálgrindarinnar í höndum Yabimo Services, og í samningnum var miðað við að stálið væri 209.585 kg sem er sú tala sem félagið lagði til grundvallar tilboði sínu.

Yabimo Services átti að útvega stál í byggingarnar. Þá var í upphaflegum samningi milli aðila miðað við áætlað magn sem færi í byggingarnar. Ef þær áætlanir stóðust ekki átti að tilkynna það með þeim hætti sem getið er um í samningi aðila. Krafsi Yabimo Services stefndu um greiðslu mun meira stálmagns en áætlað hafði verið án þess að um það hefði verið tilkynnt fyrir fram. Þá liggur ekki fyrir tegund þess viðbótarstáls sem stefnandi krefur stefndu um. Það er því óljóst hvert sé verðmæti þess stáls sem farið hefur í byggingarnar, en ekki nægir í því sambandi að vísa til heildarþunga þess, enda var samið um sex mismunandi tegundir stáls. Þá kom skýrt fram í samningi stefnanda og pólska félagsins við VRG ehf. að allar breytingar væru háðar fyrir fram skriflegu samþykki samningsaðila, sbr. Appendix 1-10.1 en þar segir svo: „Any deviation from or modification to [...] or any other document [...] is subject to prior written approval of the Parties.“ Ekki verður séð að slíkt skriflegt samþykki á milli samningsaðila hafi verið

gert. Við þessar aðstæður verður að telja ósannað að þrotabú VRG ehf. geti átt kröfur á stefndu vegna aukins stálmagns. Þá styður matsgerð dómkvaddra matsmanna þessa niðurstöðu að því leyti að matsmenn telja að stálmagn sem fór í byggingarnar sé töluvert minna en haldið hafi verið fram af stefnanda. Niðurstaða dómsins er því að ósannað sé að þrotabú VRG ehf. geti átt þær kröfur á hendur stefndu um magn stáls sem haldið er fram og krafist er samkvæmt aðalkröfu. Að því virtu verður að hafna því að stefnandi geti átt rétt á greiðslu fyrir stálið sem aðalkrafa hans nær til eða um aðra og lægri fjárhæð.

10.

Eins og ráða má af stefnu og greinargerðum stefndu og málgögnum, þ. á m. fjölda tölvuskeyta sem farið hafa á milli málsaðila, lýsa gögn málsins miklum afbrigðum við efndir þeirra verksamninga sem um ræðir í málinu miðað við það sem að var stefnt. Leiddi þetta m.a. til tafa á verkinu auk þess sem aðila greinir á um bæði galla og réttar efndir samninganna sem fyrir segir.

Að því er varðar stefnanda, Yabimo ehf. átti félagið samkvæmt samningi við VRG ehf. að sjá um að reisa húsin og annast ýmsa vinnu því tengda. Í samningi aðila var gert ráð fyrir að fyrir þá vinnu skyldi greiða 512.920,61 evru sem einnig var áætluð fjárhæð. Inn á þá fjárhæð hafa VRG ehf. greitt 386.974,27 evrur. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um umfang vinnunnar, engir staðfestir vinnuseðlar um verkframkvæmdir eða gögn um verkfundi hafa heldur verið lögð fram sem stutt geta umræddar kröfur stefnanda. Eins og áður greinir voru stefndu ekki bundnir af þeim samningum sem hér um ræðir, heldur einungis af loforði um fjármögnun verksins. Við þessar aðstæður verður að telja ósannað að þrotabú VRG ehf. geti átt þær kröfur sem krafist er á hendur stefndu.

11.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða dómsins að telja verði ósannað að stefnandi eigi viðbótarkröfur á hendur stefnu fyrir aukið stálmagn. Þá er því einnig hafnað sem ósönnuðu að stefnandi eigi kröfur á stefndu vegna uppsetningar stálgrindarhúsanna með vísan til þess er áður segir. Af því leiðir og með sömu rökum er hafnað varakröfu stefnanda um riftun ráðstafana og endurgreiðslu fjárhæða.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að hvor aðili ber sinn kostnað af rekstri málsins.

Dómsuppsaga hefur dregist en gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Meðdómendur voru Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari og Kristbjörn Búason byggingarverkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndu, Gylfaflöt 2 ehf. og GF-4 ehf., eru sýknir af öllum kröfum stefnanda, Yabimo ehf.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður.

Ragnheiður Snorradóttir
Ingiríður Lúðvíksdóttir
Kristbjörn Búason